

Þróun tekjuskiptingarinnar á Íslandi 1992–2010

Stefán Ólafsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild HÍ og
Arnaldur Sölvi Kristjánsson, sérfræðingur við Þjóðmálastofnun HÍ

Útdráttur

Í þessari grein fjöllum við um nýtt efni úr víðtækum rannsóknum á tekjuskiptingunni sem við höfum unnið að á síðustu árum og setjum það í samhengi við fyrri niðurstöður. Helstu nýmæli greinarinnar eru ný gögn og ítarleg sundurgreining áhrifavalda ójafnaðarþróunarinnar, fyrir og eftir hrun. Niðurstöður sýna að tekjuskiptingin varð ójafnari frá og með árinu 1995 og allt til 2007, eftir tímabil aukins jöfnuðar frá 1988 til 1993. Umfang breytinganna frá 1995 var óvenjumikið á alþjóðavísu. Aukning ójafnaðar er mest þegar allar tekjur eru meðtaldar (ráðstöfunartekjur eftir skatt) en einnig miklar þó fjármagnstekjum sé sleppt að hluta eða alveg. Atvinnutekjur urðu líka ójafnari, þótt í minna mæli væri. Skattastefnan jók umfang ójafnaðar með umtalsverðum hætti á tímabilinu fyrir hrun. Á árinu 2008 til 2010 snerist þróunin við og tekjuskiptingin varð aftur mun jafnari. Nýr samanburður á þróun ójafnaðar ráðstöfunartekna á Norðurlöndunum fimm frá 1995 til 2008 sýnir að ójöfnuður jókst umtalsvert í öllum löndunum, þó að mishratt væri og nokkrar sveiflur séu milli ára. Norrænu þjóðirnar voru með jöfnustu tekjuskiptinguna fyrir og eru áfram í hópi jafnari þjóða eftir aukninguna, enda hefur ójöfnuður aukist í fleiri OECD-ríkjum. Langmest var aukning ójafnaðar þó á Íslandi og fór hún langt fram úr aukningu ójafnaðar í hinum norrænu ríkjunum frá og með árinu 2001 og til 2007. Tilgátum þeirra, sem hafa fullyrt að tekjuskiptingin hafi lítið eða ekkert breyst, er hafnað. Engin ábyggileg gögn styðja þær.

Efnisorð: Tekjuskipting, bóluhagkerfið, jöfnunaráhrif, skattar og bætur.

Development of Income Distribution in Iceland 1992-2010

Abstract

In this paper we give an account of extensive research into the Icelandic income distribution that we have undertaken in recent years. We place our research into context with previous research. The main novelty of this paper is new data and new decompositional analysis of the drivers of inequality developments, before

and after the financial collapse. Our research shows that income inequality increased greatly from 1995 to 2007, following a period of increased equality from 1988 to 1993. The extent of the increase after 1995 was exceptional by international standards. The increased inequality is most marked when all disposable earnings (after tax) are taken account of, but it is also extensive even though financial earnings are partly or fully excluded. Employment earnings also became more unequally distributed. Tax policy increased the extent of inequality in the same period. After the financial collapse of 2008 the income distribution became significantly more equal up to 2010. New comparison of income inequality developments in the Nordic countries shows that inequality increased in all of them from 1995 to 2008, varying though between countries and years. The Nordic nations had the most equal income distributions before the period of change and still remain amongst the most equal. Iceland however galloped way ahead in the inequality development from 2001 up to 2007. The hypotheses of no significant changes in the Icelandic income distribution between 1995 and 2007 are rejected. No valid data supports such claims.

Keywords: Income distribution, bubble economy, redistribution, taxes and transfers.

Inngangur

Þróun tekjuskiptingarinnar á Íslandi varð að meira átakaefni í þjóðmálaumræðunni frá og með árinu 2006 en áður hafi verið. Fram komu afar ólík, jafnvel öndverð, sjónarmið varðandi grundvallaratriði tekjuskiptingarinnar og breytingar á henni yfir tíma. Þannig hefur því ýmist verið haldið fram að tekjuskiptingin hafi lítið breyst frá 1995 eða að tekjuójöfnuður hafi aukist hér meira en dæmi séu um annars staðar á Vesturlöndum á síðustu áratugum. Aðrir hafa viðurkennt að ójöfnuður hafi aukist en segja að það sé bundið við aukningu fjármagnstekna hjá fámennum hópi auðmanna, atvinnutekjur hafi ekki orðið ójafnari. Þeir sem þannig töluðu gerðu almennt lítið úr breytingum á tekjuskiptingunni. Þá voru einnig uppi öndverð sjónarmið um hvort skattastefnan hefði aukið ójöfnuð eður ei á sama tímabili.

Í þessari grein fjöllum við um nýtt efni úr víðtækum rannsóknum á tekjuskiptingunni, sem við höfum unnið að á síðustu árum, og setjum það í samhengi við fyrri niðurstöður og nýleg skrif um viðfangsefnið. Fyrst sýnum við vísbendingar um þróun ójafnaðar ráðstöfunartekna hjóna og sambúðarfólks, með Gini-ójafnaðarstudlum fyrir tvö tekjuhugtök (með og án söluhagnaðarhuta fjármagnstekna), sem er algengt að miða við í slíkum rannsóknum á alþjóðavettvangi. Þá gerum við ítarlegri grein fyrir dreifingu ráðstöfunartekna einstaklinga og sýnum þar bæði þróun tekjuhlutdeilda eftir tekjuhópum (tíundarhópum og hæsta 1% tekjuþega) og raunbreytingu kaupmáttar ráðstöfunartekna í ólíkum tekjuhópum frá 1992 til 2009.

Síðan könnum við hvað breytti tekjuskiptingunni á tímabilinu og sundurgreinum þar þróun einstakra tekjuþátta og annars sem áhrif hefur haft á tekjuskiptinguna. Að því loknu fjöllum við ítarlega um stærstu áhrifavaldana, þ.e. fjármagnstekjur og skattastefnuna, og leggjum mat á mismunandi vægi þeirra og annarra þátta frá ári til árs.

Í síðasta hluta greinarinnar birtum við nýlegt efni um samanburð á þróun tekju-óþafnaðar á Norðurlöndum þar sem miðað er við ráðstöfunartekjur að öllum skattskyldum tekjum meðtöldum. Einnig birtum við nýjar niðurstöður OECD um tekjuójöfnuð í aðildarríkjunum, annars vegar um miðbik tíunda áratugarins (2004-5) og hins vegar á seinni hluta hans (2007-8).

Á umræddu tímabili varð óvenjumikil breyting á tekjuskiptingunni á Íslandi. Bæði tengdist það þróun bóluhagkerfisins sem hrundi í október 2008 og stefnu stjórnvalda í skatta- og velferðarmálum.

Við byggjum greiningu okkar á opinberum gögnum ríkisskattstjóraembættisins og Hagstofu Íslands sem ná til alls tímabilsins og eru sambærileg frá ári til árs. Í samstarfi við sérfræðing ríkisskattstjóraembættisins voru íslensku gögnin gerð sambærilegri við það sem tíðkast í grannríkjunum en áður var, með því að deila heildartekjum fjölskyldna niður á fjölskyldumeðlimi með svokallaðri jafngildiskvörðun (*equivalized incomes data*), þar sem deilitalan er kvaðratrót af fjölda heimilismanna, en það er aðferð sem OECD og flestir sérfræðingar á sviðinu nota.¹ Tekið er fram við einstakar töflur þegar slík gögn eru notuð. Sú aðferðafræði styrkir fyrri niðurstöður okkar, eins og sýnt verður. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands notaði einnig slík gögn í skýrslu sinni frá árinu 2001 um tekjuskiptingu tímabilsins frá 1988 til 2000.

Í okkar gögnum er hægt að vinna með alla einstaklinga á grunni jafngildiskvarðaðra tekna, en við höfum einnig haft hliðsjón af gögnunum án jafngildiskvörðunarinnar. Markmið okkar er að hafa sem víðtækasta og heildstæðasta sýn á gögnin og beita greiningaraðferðum sem tíðkast hjá helstu alþjóðlegu sérfræðingum og stofnunum á þessu sviði (sbr. OECD 2008 og 2011; Salverda o.fl. 2009; Atkinson og Piketty 2007 og 2010; sjá einnig umfjöllun um aðferðafræði tekjuskiptingarránsókna á vefsetri Luxembourg Incomes Study, www.lisproject.org).

1. Fyrri niðurstöður um þróun og einkenni tekjuskiptingarinnar

Finnur Geirsson (1977) var brautryðjandi í tekjuskiptingarránsóknum með kandidatsritgerð sinni sem unnin var á Þjóðhagsstofnun um miðjan áttunda áratuginn. Niðurstöður hans sýndu litla breytingu á dreifingu heildartekna (fyrir skatt) frá 1963 til 1975. Þá sýndi greining hans á áhrifum tekjuskatts á dreifinguna að hún varð jafnari eftir skattlagningu á árinu 1975.

Sigurður Snævarr (1988) hafði umsjón með áframhaldandi starfi á þessu sviði hjá Þjóðhagsstofnun fram eftir níunda áratugnum og birti Þjóðhagsstofnun reglulega fréttabréf með árlegum upplýsingum um þróun og dreifingu atvinnutekna, en einnig var þar sýnd dreifing ráðstöfunartekna hjóna á tíunda áratugnum og fram að því er Þjóðhagsstofnun var lögð niður upp úr aldamótum (Þjóðhagsstofnun 1994-2001). Gögn Þjóðhagsstofnunar sýndu að dreifing atvinnutekna fyrir skatt fór að verða ójafnari frá 1986 til 1995, en þá tóku þær að jafnast nokkuð á ný til ársins 2000. Ráðstöfunartekjur fjölskyldna urðu hins vegar ójafnari á seinni hluta 10. áratugarins.

Gögn, sem Þjóðhagsstofnun vann úr skattframtölum, voru borin saman við gögn um tekjuskiptingu á hinum Norðurlöndunum fyrir árin í kringum 1995 á vettvangi Norrænu tölfræðinefndarinnar, er gefur út reglubundnar skýrslur um velferðarmál á

Norðurlöndum (*Sosial trygghed i de nordiske lande*). Þau gögn bentu til þess að skiptingin ráðstöfunartekna á Íslandi gæti verið heldur ójafnari en á hinum Norðurlöndunum (Stefán Ólafsson 1999). Samanburður á ójöfnuði ráðstöfunartekna er byggð á kannanagögnum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og gögnum Luxembourg Incomes Survey (LIS) benti sömuleiðis til að tekjuskíptingin á Íslandi 1997-8 gæti verið ójafnari en á hinum Norðurlöndunum og væri nærri meðallagi vestrænna þjóða (Stefán Ólafsson 1999). Sambærileiki þessara gagna er þó lakari en seinni tíma gagna, svo sem frá OECD, Eurostat og Hagstofu Íslands. Ástæða er því til að hafa fyrirvara á þeim niðurstöðum.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands birti árið 2001 ítarlega skýrslu um tekjuskíptinguna, *Tekjuskípting á Íslandi – Þróun og ákvörðunarvaldar*, eftir Ásgeir Jónsson, Ástu Herdís Hall, Gylfa Zoëga, Mörtu Skúladóttur og Tryggva Þór Herbertsson. Þar voru sundurgreind áhrif atvinnutekna (A), samanlagðra atvinnu- og fjármagnstekna fyrir skatt (B) og loks heildarráðstöfunartekna eftir skatta og bætur (C). Greiningin byggði á skattframtalsgögnum og var fjölskyldutekjum deilt niður á kvaðratrót fjölda fjölskyldumeðlima (*equivalized*). Gögnin, sem náðu til árána frá 1988 til 2000, voru þó greind sér fyrir fjölskyldur (með jafngildiskvörðun) og einstaklinga á aldrinum 25-64 ára.

Niðurstöður skýrslu Hagfræðistofnunar voru þær, að atvinnutekjur einstaklinga (A) höfðu orðið ójafnari frá 1988 til 1995 en jafnast þá aftur að hluta. Hjá fjölskyldum urðu atvinnutekjurnar ójafnari stig af stigi allan tímann frá 1988 til 2000, þ.e. Gini-stuðullinn fór úr 0,364 í 0,401. Þegar fjármagnstekjum var bætt við atvinnutekjur (B; allt fyrir skatt) var þróunin áþekk hjá einstaklingum, með minni breytingum þó en á atvinnutekjum einum. Hjá fjölskyldum jókst ójöfnuður samanlagðra atvinnu- og fjármagnstekna fyrir skatt, einkum á seinni hluta tímabilsins, þ.e. eftir 1994.

Loks greindu höfundar þróun ráðstöfunartekna eftir skatta og bætur (C), en þá varð þróunin mun meira afgerandi. Ójöfnuður ráðstöfunartekna beggja hópa minnkaði frá 1988 til 1993 en jókst þá umtalsvert alveg til ársins 2000, meira þó hjá fjölskyldum en einstaklingum. Hækkunin hjá einstaklingum nam 3 Gini-stigum en hjá fjölskyldum er hækkunin um 6 Gini-stig á 7 árum, en það telst vera mikil aukning ójafnaðar samkvæmt viðmiði OECD (2008).

Hagfræðistofnun freistaði þess einnig að bera saman ójöfnuð á Íslandi og í öðrum löndum. Gögnin fyrir önnur lönd komu frá Alþjóðabankanum en fyrir Ísland notaðist stofnunin við gögn úr neyslukönnun Hagstofu Íslands fyrir 1995. Niðurstaðan var sú, að tekjuskíptingin væri næst jöfnust á Íslandi af þessum 94 löndum sem gögn voru um hjá Alþjóðabankanum. Tekjuskíptingin er almennt jafnari í þróaðri evrópskum löndum, þ.m.t. hinum Norðurlöndunum. Gögnin frá þeim löndum komu í flestum tilvikum frá Luxembourg Incomes Study gagnabankanum og eru kannanagögn um tekjur en ekki neyslugögn eins og Hagfræðistofnun notaði fyrir Ísland. Þekkt er að neysla dreifist með jafnari hætti en tekjur. Því er ljóst að jöfnuður tekna á Íslandi er ofmetinn með þessum samanburði Hagfræðistofnunar fyrir árið 1995. Líklegt er að tekjuskíptingin á Íslandi hafi ekki verið mjög frábrugðin því sem var á hinum norrænu löndunum á þessum tíma.

Í verkum okkar frá og með árinu 2006 hafa komið fram gögn sem sýndu mikla aukningu ójafnaðar ráðstöfunartekna alveg frá 1995 til 2007. Niðurstöðurnar sýndu að meginskýring þróunarinnar eftir aldamótin var einkum gífurleg tekjuaukning hjá hátekjufólki. Fyrir aldamótin jókst ójöfnuður hins vegar vegna almennra tekjugliðunar (þ.e. lægri tekjuhópar drógust aftur úr þeim sem hærri tekjur höfðu). Nýjustu verk okkar sýna svo að frá og með 2008 urðu umskipti til aukins jafnaðar á ný (Stefán Ólafsson 2006a, 2006b, 2007 og 2011b, Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson 2009 og 2010, Arnaldur Sölvi Kristjánsson 2011a og 2011b, og Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson 2010 og 2012).

Aukning ójafnaðar var mest afgerandi þegar allar ráðstöfunartekjur fjölskyldna voru skoðaðar, en hún koma einnig fram þó öllum fjármagnstekjum væri sleppt. Þá sýndu greiningar okkar að skatta- og bótastefna stjórnvalda hafði umtalsverð áhrif á tekjuskiptinguna, til aukningar ójafnaðar á árunum frá 1995 til 2007, en síðan til aukins jafnaðar eftir hrun bankanna í október 2008.

Ýmsar rannsóknir annarra hafa sýnt sömu niðurstöður um mikla aukningu ójafnaðar í tekjuskiptingunni á Íslandi eftir 1994. Nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins, sem skilaði skýrslu um íslenska skattkerfið haustið 2008, komst einnig að þeirri niðurstöðu að tekjuskiptingin hafi orðið ójafnari eftir 1994, meðal annars fyrir tilstilli skattabreytinga (Friðrik Már Baldursson o.fl. 2008).

ASÍ gerði í vorskýrslu sinni á árinu 2007 úttekt á þróun ójafnaðar með greiningu á skattagögnum. Þær niðurstöður voru sambærilegar við birtar niðurstöður höfunda þessarar greinar, eins og eftirfarandi ívitnun sýnir:

„Ójöfnuður á Íslandi fór vaxandi á tímabilinu 1990-2005 vegna vaxandi fjármagnstekna og breytinga á skattkerfinu sem komu tekjuhæstu framteljendunum best. Áhrif fjármagnstekna á tekjuskiptinguna eru af tvennum toga. Fyrst og fremst er skipting þeirra ójöfn og áhrif misskiptingarinnar verða enn meiri þegar litið er til ráðstöfunartekna því skattlagning á þeim er mun minni en á atvinnutekjur.

Dregið hefur verið úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins á tímabilinu með afnámi hátekjuskatts, og hlutfallslegri lækkun barnabóta og persónuafsláttar. Allir þessir þættir ýta undir aukinn ójöfnuð ráðstöfunartekna“ (ASÍ, Vorskýrsla hagdeildar, apríl 2007, bls. 15).

Þá sýna skýrslur Hagstofu Íslands (2009, 2010 og 2012) um lágtekjumörk og tekjuskiptingu mikla aukningu ójafnaðar frá 2003 til 2008 (sjá þær á www.hagstofa.is), líkt og tiltæk gögn á vef Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat).² Niðurstöður Hagstofunnar sýndu að Gini-stuðullinn og fimmtungastuðullinn (hlutfall á meðaltekjum efstu og neðstu 20% einstaklinga) jukust mikið frá 2003 til 2008 en lækkuðu hratt í kjölfarið. Aftur á móti var hlutfallsleg fátækt (hlutfall einstaklinga með lægri tekjur en 60% miðtekna) stöðug allt tímabilið 2003-10. Það þýðir að hinn aukni ójöfnuður 2003 til 2007 skýrist einkum af þróun í efri helmingi tekjustigans. Frá og með 2006 var Ísland ekki lengur á sama róli og hinar norrænu þjóðirnar hvað umfang ójafnaðar í tekjuskipt-

ingu varðar og hafði færst upp ójafnaðarstigann í 15. sæti, vel fyrir ofan hinar norrænu þjóðirnar og árið 2008 var Ísland í 18. sæti, samkvæmt þessari mælingu. Nýjasta skýrsla Hagstofunnar (2012) sýnir svo umtalsverðan umsnúning tekjuskíptingarinnar, þ.e. miðað við ráðstöfunartekjur heimila á mann, í átt til aukins jafnaðar frá 2008 til 2010. Þessi mæling Hagstofunnar vanmetur þó ójöfnuðinn að hluta eins og sýnt verður síðar í greininni.

Við munum í því sem á eftir fer leitast við að gefa skýrt heildaryfirlit um þróun tekjuskíptingarinnar frá 1992 til 2010 og byggja í senn á heildartekjum fyrir skatt og ráðstöfunartekjum eftir skatt, sem og öðrum aðskildum tekjuþáttum (atvinnutekjum, lífeyristekjum og fjármagnstekjum). Einnig verður gerð grein fyrir áhrifum beinna skatta og bóta á tekjuskíptinguna. Umfjöllun okkar er því víðtækari og heildstæðari en finna má í fyrri skrifum um efnið.

Við munum einnig prófa sannleiksgildi níu fullyrðinga um þróun tekjuskíptingarinnar á Íslandi eftir 1995 sem fram komu í þjóðmálaumræðunni á síðustu árum, en þær ganga sumar þvert á niðurstöður þeirra fyrri rannsókna sem hér hefur verið greint frá. Fullyrðingarnar komu frá Benedikt Jóhannessyni (2006 og 2008), ritstjóra tímaritsins *Vísbendingar*, Hannesi H. Gissurarsyni (2007), prófessor í stjórnmálaheimspeki, og Ragnari Árnasyni (2007), prófessor í hagfræði.

Eftirfarandi fullyrðingar verða prófaðar:

- I „Misrétti í launatekjum hefur ekki aukist. (BJ 2006)
- II „Tekjajöfnuður (er) svipaður og áður en fjármagn (er) í eigu fárra.“ (BJ 2008)
- III „Því má raunar halda fram með nokkrum rökum [...] að jöfnuður hafi aukist á Íslandi.“... (HHG 2007)
- IV „Þótt tekjuskípting á Íslandi hafi orðið eitthvað ójafnari er hún samt ein hin jafnasta í heimi.“ (HHG 2007)
- V „Það er því úr lausu lofti gripið að tekjuskípting á Íslandi hafi færst frá því sem tíðkast á Norðurlöndum, í svipað horf og í Bretlandi.“ (HHG 2007)
- VI „Skattabreytingar síðustu sextán ára hafa ekki aukið óréttlæti eða ójöfnuð í landinu.“ (HHG 2007)
- VII „Vissulega hefur dregið úr jöfnunaráhrifum skattlagningarinnar [...].“ (HHG 2007)
- VIII „Það er ekki hægt að segja það með neinni sanngirni að þeir sem minna höfðu hafi setið eftir en hins vegar er hægt að segja það að þeir sem höfðu mest, þeir hafa líka fengið mest.“ (RÁ 2007)
- IX „Af þessu mætti draga þá ályktun að mjög háar fjármagnstekjur tiltölulega fárra mjög auðugra aðila hefðu valdið hækkun Gini-stuðulsins fyrir heildartekjur.“ (RÁ 2007)

Í niðurstöðukafla snúum við okkur aftur að þessum tilgátum og leggjum mat á sannleiksgildi þeirra út frá niðurstöðum rannsókna okkar. En snúum okkur þá að ítarlegri greiningu á þróun tekjuskíptingarinnar og sundurliðun einstakra þátta og áhrifavalda.

2. Þróun tekjuójafnaðar – heildarmyndin

Mælikvarðar á tekjuskiptingu eru margir. Gini-ójafnaðarstuðullinn er algengasti staki mælikvarðinn, enda eins konar samandregin vísitala um ójöfnuðinn í dreifingu tekna.³ Algengt er að hann sé á bilinu 0,25-35 á Vesturlöndum en yfir 0,40 í hinum ójafnari löndum. Í Suður-Ameríku, þar sem ójöfnuður er hvað mestur, er hann stundum yfir 0,50.


Gini-stuðullinn tekur ólík gildi eftir því hvaða tekjuhugtak er verið að mæla. Algengast er að miða við ráðstöfunartekjur fjölskyldna á mann, þegar meta á ójöfnuð tekna einstakra þjóða. Ráðstöfunartekjur eru það sem fólk fær endanlega í hendurnar til að lifa af og eru þær því mikilvæg vísibending um efnahagsleg lífskjör. Ef einungis er horft á t.d. atvinnutekjur fyrir skatt er um mjög takmarkað sjónarhorn að ræða sem gefur alls ekki mynd af heildarstöðu heimilanna í landinu. Við munum skoða alla helstu þætti tekjuskiptingarinnar eftir að við höfum dregið upp heildarmyndina af þróuninni frá 1992 til 2010.

Á mynd 1 má sjá Gini-ójafnaðarstuðlana fyrir tvö algeng tekjuhugtök (ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, með og án söluhagnaðar eigna). Svörtu súlurnar á myndinni sýna ójöfnuð ráðstöfunartekna þegar allar skattskyldar tekjur eru meðtaldar. Þar kemur heildarmyndin skýrast fram. Ljósari súlurnar sýna hins vegar ráðstöfunartekjur án söluhagnaðarhluta fjármagnsteknanna. Sá þáttur tekna tengist mjög náið bóluhagkerfinu og var meira en helmingur allra fjármagnstekna síðustu árin fyrir hrun. Í könnunum Hagstofu Íslands er notað tekjuhugtak sem er sambærilegt við það sem ljósu súlurnar endurspeгла, en það er gert samkvæmt forskrift Eurostat og kemur til af því að upplýsingar um söluhagnað, þ.e. tekjur af eignasölu (hlutabréfa og annarra eigna), er erfitt að fá svo sambærilegt sé.

Þar eð fjármagnstekjur almennt, og söluhagnaður sérstaklega, vega langmest í tekjuhæstu hópunum þá mælist ójöfnuður talsvert minni þegar honum er sleppt. Þannig eru ljósu súlurnar almennt lægri en þær dökku. Stór hluti tekna hátekjuhópanna hverfur þá út úr myndinni og verður því um augljóst vanmat að ræða á raunverulegum ójöfnuði tekna í því tilviki. Sú staðreynd að fjármagnstekjur bera almennt minni skattlagningu en aðrar tekjur eykur þessi áhrif gríðarlega. Gögnin á mynd 1 miðast í báðum tilvikum við hjón og sambúðarfólk, sem eru langstærsti hluti fjölskyldna í landinu. Í töflu 1 notum við hins vegar jafngildiskvörðuð gögn um alla einstaklinga (þ.e. fjölskyldutekjur á fjölskyldumeðlim).

Almennt sýnir myndin að ójöfnuður jókst mikið frá 1993 til 2007, samkvæmt báðum mælingum. Minna þó þegar söluhagnaðarhluta fjármagnstekna er sleppt, eins og við var að búast.

Mynd 1. Þróun ójafnaðar ráðstöfunartekna hjóna og sambúðarfólks, frá 1993 til 2010. Gini-stuðlar fyrir tvö tekjuhugtök: Allar tekjur meðtaldar (svörtu súlurnar) og ráðstöfunartekjur án söluhagnaðar (gráu súlurnar).



Heimild: Ríkisskattstjóri og Hagstofa Íslands

Þegar allar skattskyldar tekjur eru meðtaldar fór Gini-ójafnaðarstuðullinn úr 0,21 upp í 0,43, sem er hækkun um 105% á 12 árum. Ef miðað væri við tíu árin frá 1998 til 2007 þá telst hækkunin vera 79%. Sérfræðingar OECD hafa þá viðmiðun að hækkun Gini-stuðulsins um 12% eða meira á tíu ára tímabili teljist vera „mikil aukning ójafnaðar“ í tekjuskiptingunni (Förster og d’Ercola, 2005; OECD 2008 og 2011). Anthony B. Atkinson (2003), einn áhrifamesti sérfræðingur heimsins í tekjuskiptingarrannsóknum, telur breytingu um 3 Gini-stig á stuttum tíma vera hagfræðilega marktæka. Aukning ójafnaðarins á Íslandi var meira en sexfalt viðmið OECD og virðist það vera fordæmalaust á Vesturlöndum, þrátt fyrir að ójöfnuður hafi víða tekið að aukast eftir 1980, ekki síst í Bandaríkjunum og Bretlandi (sjá nánar um þetta í neðanmálagrein númer 5). Raunar finnast ekki í opinberum gögnum eða í gögnum á fræðavettvangi þróðu landanna dæmi um svo öra aukningu ójafnaðar allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Ef miðað er við ráðstöfunartekjur án söluhagnaðar (ljósu súlurnar á myndinni) þá varð hækkun Gini-stuðulsins frá 0,19 (sem er óvenjumikill jöfnuður) upp í 0,29. Það

er hækkun um 53%. Ef miðað væri við tíu ára tímabilið frá 1998 til 2007 þá er hækkunin 26%, eða meira en tvöfalt viðmið OECD fyrir „mikla aukningu ójafnaðar“. Það er því óhætt að draga þá ályktun að aukning ójafnaðar í tekjuskiptingunni á Íslandi á árunum fram að hrúni var óvenjumikil á alla venjulega mælikvarða.

Annað sem er athyglisvert við mynd 1 er að munur dökku og ljósu súlnanna er vísbending um áhrif bóluhagkerfisins á ójöfnuð í tekjuskiptingunni, því munurinn sýnir áhrif söluhagnaðar á tekjuskiptinguna. Munur súlnanna fór að aukast frá og með árinu 2000 og fór svo stigvaxandi fram til 2007 er hann náði hámarki, en þá náði bóluhagkerfið einmitt hámarki sínu áður en það sprakk á árinu 2008. Munur ójafnaðarins samkvæmt þessum mælingum var um 2 Gini-stig árið 2000, en 2002 var hann orðinn 5 stig, 2005 var hann 9 stig og á toppnum 2007 var hann 14 Gini-stig (0,43-0,29). Það er því ljóst að spákaupmennska bóluhagkerfisins var að bæta umtalsvert í ójöfnuðinn á veltiárum bóluhagkerfisins eftir aldamótin. En aukning ójafnaðar frá 1995 til 2000 var einnig umtalsverð, en þar gætti meira annarra áhrifa, eins og sýnt verður síðar í greininni.

Umskiptin eftir hrún eru einnig veruleg, því þá dró mjög hratt úr ójöfnuði tekjuskiptingarinnar. Gini-stuðullinn fyrir allar skattskyldar tekjur fór úr 0,43 niður í 0,25 og var hann þá orðinn svipaður og verið hafði árið 1999. Stuðullinn fyrir ráðstöfunar-tekjur án söluhagnaðar fór úr 0,29 niður í 0,24 og var einnig svipaður og á árunum frá 1999 til 2002. Í báðum tilvikum er um mikla lækun að ræða og þar með dró verulega úr ójöfnuði tekjuskiptingarinnar. Í seinni hluta greinarinnar metum við áhrif ólíkra tekjubátta á þá þróun, sem og áhrif skatta og bótakerfisins.

Gini-stuðullinn er handhægt mælitæki en felur augljóslega ýmislegt sem kann að vera að gerast í tekjuskiptingunni, eins og eðlilegt er um slíka samandregna vísitölu. Það er því ástæða til að skoða þróun dreifingarinnar ítarlegar á tímabilinu. Það er gert í töflu 1, sem sýnir eina algengustu leiðina til að greina dreifingu ráðstöfunartekna í ólíkum tekjuhópum. Þar er hlutdeild tíu jafn stórra tekjuhópa af heildarráðstöfunartekjum allra og hlutdeild hæsta 1%-hópsins sýnd, ásamt Gini-stuðlinum.

Tölurnar koma úr greiningu á gögnum ríkisskattstjóra eftir að þau hafa verið jafngildiskvörðuð (*equivalized*) á þann veg að fjölskyldutekjum fyrir alla (hjónafólk jafnt sem einhleypa) er deilt niður á fjölskyldumeðlimi. Þetta eru því ný gögn og ná betur til allra tekjuhópa en gögn um hjón og sambúðarfólk ein gera. Þessi aðferð við greiningu á tekjuskiptingu er algengust í greiningum erlendra fræðimanna sem og hjá alþjóðlegum hagskýrslustofnunum, svo sem OECD, Luxembourg Incomes Study (LIS) eða hjá Eurostat.

Tafla 1. Dreifing ráðstöfunartekna meðal einstaklinga 1992 til 2009. Hlutdeild tíu tekjuhópa af heildarráðstöfunartekjum og hlutdeild hæsta 1% hópsins, ásamt Gini-stuðli. Hópur I er sá tíundi hluti tekjuþega sem hafa lægstar tekjur; hópur X er sá tíundarhluti sem hefur hæstar tekjur.

	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	Efsta 1%	Gini-stuðull
1992	2,6	5,7	6,7	7,7	8,6	9,6	10,8	12,3	14,4	21,6	4,1	0,276
1993	2,8	5,8	6,8	7,7	8,6	9,6	10,8	12,2	14,4	21,2	3,8	0,268
1994	3,0	5,9	6,8	7,7	8,6	9,5	10,7	12,2	14,3	21,2	3,8	0,264
1995	3,0	5,8	6,8	7,7	8,6	9,5	10,7	12,2	14,3	21,3	3,8	0,266
1996	3,0	5,7	6,6	7,5	8,5	9,5	10,7	12,2	14,5	21,8	4,1	0,276
1997	2,9	5,6	6,5	7,4	8,4	9,4	10,7	12,2	14,5	22,5	4,6	0,285
1998	2,8	5,4	6,3	7,3	8,3	9,4	10,7	12,3	14,7	22,7	4,5	0,292
1999	2,8	5,2	6,1	7,1	8,2	9,3	10,6	12,2	14,6	23,8	5,2	0,304
2000	2,8	5,1	6,0	7,0	8,1	9,2	10,5	12,2	14,6	24,5	6,0	0,312
2001	2,7	4,9	5,9	6,9	8,0	9,1	10,4	12,0	14,3	25,7	7,7	0,325
2002	2,7	4,9	5,8	6,8	7,9	9,0	10,3	11,9	14,3	26,4	8,3	0,329
2003	2,5	4,8	5,6	6,6	7,6	8,7	10,0	11,6	13,9	28,6	10,8	0,352
2004	2,5	4,8	5,7	6,6	7,6	8,7	10,0	11,6	14,0	28,6	9,8	0,352
2005	2,3	4,5	5,3	6,2	7,2	8,3	9,5	11,0	13,2	32,6	14,2	0,390
2006	2,3	4,3	5,1	6,0	7,0	8,1	9,2	10,7	13,1	34,0	14,8	0,402
2007	2,1	4,1	4,8	5,7	6,5	7,5	8,6	10,0	12,3	38,4	19,8	0,441
2008	2,4	4,6	5,5	6,4	7,4	8,4	9,6	11,2	13,7	30,9	10,8	0,373
2009	2,5	5,0	5,9	6,8	7,7	8,8	10,1	11,7	14,1	27,5	8,5	0,339

Gögn: Ríkisskattstjóri. Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur (allt talið með) eftir greidda skatta og bætur. Tekjum er deilt niður á fjölskyldumeðlimi (með kvadratrót af fjölda þeirra; e: *equivalized incomes*), eins og tíðkast í slíkum rannsóknunum erlendis (sjá www.lisproject.org). Þannig er tekið tillit til mismunandi stærðar og samsetningar fjölskyldna.

Af töflunni má sjá að 1992-1994 minnkaði ójöfnuður lítilla þar sem hlutdeild neðstu þriggja tekjuhópa hækkaði en lækkaði hjá tekjuhæstu fimm hópunum, Gini-stuðullinn lækkaði einnig um rúmt stig á þessum tíma. Gögn frá Hagfræðistofnun HÍ (Ásgeir Jónsson o.fl. 2001: 87) sýna að á tímabilinu 1988-1992 dró einnig úr ójöfnuði, en þá lækkaði Gini-stuðullinn um þrjú stig (úr 0,31 í 0,28). Frá 1988 til 1994 lækkaði Gini-stuðullinn því samtals um fjögur stig (eða um 14%).⁴ Samkvæmt viðmiðunum OECD og Atkinson telst jöfnun tekjuskiptingarinnar frá 1988 til 1994 vera mikil breyting.

Mestu umskiptin á tekjuskiptingunni urðu hins vegar á árunum 1995-2007, en þá jókst ójöfnuður mjög mikið. Hlutdeild efstu 10% einstaklinga af heildarráðstöfunartekjum hækkaði úr 21% í 38% og hlutdeild efsta 1% einstaklinga fór úr um 4% í tæp 20%. Á sama tíma fór hlutdeild lægstu níu tekjuhópanna lækkaði. Gini-stuðullinn hækkaði alls um 18 stig, eða 67%. Það er mjög langt umfram það sem bæði OECD og Atkinson telja „mikla aukningu ójafnaðar“, eða fimm til sex sinnum meira.

Af töflu 1 má draga nokkrar almennar ályktanir. Í fyrsta lagi er breytingin á tekjuskiptingu frá 1995 til 2007 mjög afgerandi og líklega meiri en varð í nokkru öðru vest-rænu ríki á eftirstríðsárunum öllum.⁵ Breytingin er einnig í góðu samræmi við niðurstöðurnar á mynd 1, þar sem einungis er stuðst við ráðstöfunartekjur hjóna og

sambúðarfólks, en einhleypum sleppt. Jafngildiskvörðun gagnanna og það að telja með einhleypa breytir niðurstöðum nokkuð í átt hærra ójafnaðarstigs en mynstrið helst svipað á þessu tímasteiði.

Í öðru lagi er aukningin að stórum hluta skýrð með hækkun tekna hjá hærri tekjuhópnum umfram þá lægri. Skýra má um 60% af hækkun Gini-stuðulsins 1995-2007 með mikilli hækkun tekna í efsta hundradshlutanum. Engu að síður jókst Gini-stuðullinn um 7 stig, eða 29%, þegar efsta 1% tekjuþega er frátalið. Aukning ójafnaðarins var því ekki eingöngu vegna mikillar hækkunar allra hæstu tekna. Lægri tekjur drógust einnig aftur úr miðtekjum, einkum á fyrri hluta tímabilsins (Stefán Ólafsson 2006a og 2006b).

Í þriðja lagi er aukningin nógu mikil til þess að geta haft áhrif á túlkun á þróun lífskjara og ójafnaðar. Hér skiptir viðhorf manna til tekjuskiptingar máli, en það er auðvitað breytilegt. Einstaklingur, sem hirðir lítt um ójöfnuð, horfir líklega einkum á breytingu meðaltekna á meðan einstaklingur sem hefur miklar áhyggjur af ójöfnuði hefur mun minni áhuga á meðaltekjum og spyr í staðinn um dreifingu þeirra. Flestir fara líklega bil beggja í sjónarmiðum. Frá 1994 til 2007 hækkuðu meðaltekjur um 117%, en ef spurt er um aukningu velferðar þjóðarinnar allrar þarf að taka mið af því að dreifing kaupmáttarins hefur samhliða orðið mun ójafnari. Þá hafa ekki allir fengið meðaltalshækkunina og væri beinlínis villandi að setja það fram á þann veg.

Ein leið, sem Amartya Sen (1978) mælti með, sýnir til dæmis aukningu upp á 65% á leiðréttum meðaltekjum 1994-2007 (í staðinn fyrir 117%). Annar velferðarmælikvarði, sem tekur enn meira tillit ójafnaðar, sýnir 25% aukningu velferðar 1994-2007.⁶ Þótt fólk sé líklega ekki sammála um hvaða mælikvarði sé heppilegastur þá er niðurstaðan sú, að þróun meðalkaupmáttar er ekki jafn álitleg þegar tillit er tekið til aukningar ójafnaðar, þ.e. þegar hennar gætir.

Í fjórða lagi einkendist þróunin hér á landi af almennri langtímaleitni til aukins ójafnaðar, sem var þó breytileg frá einu skeiði til annars. Frá 1988 til 1994 varð tekjuskiptingin jafnari (sbr. einnig Ásgeir Jónsson o.fl. 2001), á tímabilinu 1994-2000 fór ójöfnuður að aukast markvert og frá 2000 til 2007 jókst ójöfnuður með mun meiri hraða en áður. Frá og með 2008 dró svo aftur verulega úr ójöfnuði. Hér er því um nokkur afgerandi skeið með ólíkum þróunareinkennum að ræða á þessum rúmu 20 árum, en mjög mikil aukning ójafnaðar var ráðandi einkenni eftir 1994 og allt til 2007.

Þó að tafla 1 sýni umtalsverða aukningu ójafnaðar á tímabilinu 1994-2007 þá segir hún ekkert til um þróun sjálfra ráðstöfunarteknanna í ólíkum tekjuhópum. Hún sýnir einungis breytta tekjuhluðeild einstakra tekjuhópa, þ.e. hlutfallslega dreifingu. Tafla 2 sýnir hins vegar breytingar á raunverulegum kaupmætti ráðstöfunartekna ólíkra tekjuhópa, skipt í tímabil eftir hagsveiflunni. Þar má sjá að talsverðar tekjuhækkanir komu til alla tekjuhópa. Þannig hækkuðu ráðstöfunartekjur samanlagt um 50% hjá tekjulægsta fimmtungi einstaklinga (nedstu 20%), frá 1994 til 2007. Miðhópurinn (þau 60% einstaklinga sem eru í kringum miðjuna) hækkuðu um 68% á tímabilinu öllu. Raunaukning ráðstöfunartekna var síðan meiri eftir því sem ofar er farið í tekjustigann.

Tafla 2. Breyting kaupmáttar ráðstöfunartekna í ólíkum tekjuhópum frá 1994 til 2009, skipt eftir hagsveiflutímabilum. Meðalbreyting á árlegum ráðstöfunarekjum hvers tímabils á föstu verðlagi (%), nema fyrir síðasta dálkinn (uppsöfnuð breyting alls).

	1994-2000 Uppsveifla	2000-2002 Niður-sveifla	2002-2007 Ofpensla	2007-2009 Kreppa	Tímabilið allt 1994-2007
Meðaltekjur	6,0%	2,9%	7,8%	-12,3%	117%
Neðstu 20%	3,7%	1,6%	3,2%	-3,6%	50%
Milli 60%	5,2%	1,5%	3,9%	-4,5%	68%
Efstu 20%	7,7%	4,9%	12,8%	-20,6%	210%
Efstu 5%	9,9%	9,4%	20,9%	-31,3%	426%

Heimild: Ríkisskattstjóri. Jafngildisskalaðar ráðstöfunartekjur einstaklinga, allar tekjur meðtaldar.

Aftur á móti hækkuðu ráðstöfunartekjur hjá efstu 20% einstaklinga miklu meira, eða um 210% á sama tíma. Tekjuhæstu 5% einstaklinganna í landinu fengu svo langmestu hækkunina, eða um 426%, þ.e. næstum tífalda hækkun kaupmáttar sem lægsti tekjuhópurinn fékk. Því til viðbótar má upplýsa að tekjuhæsta 1% hjóna og sambúðarfólks fékk um 1060% hækkun rauntekna sinna frá 1994 til 2007 (Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson 2009). Þannig dró verulega í sundur með öllum tekjuhópum. Þeir tekjulægri drógust aftur úr. Taflan sýnir síðan hvernig hækkun kaupmáttar á ólíkum þrepum tekjustigans var breytileg eftir hagsveiflunni (skeiðum innan tímabilsins). Ójöfnuðurinn jókst á öllum skeiðum hagsveiflunnar frá 1994 til 2007, en mismikið þó.

Gögnin sýna að meðaltekjur hafa aukist umtalsvert hjá öllum, en meira eftir því sem ofar í tekjustigann er farið. Þannig fór saman aukning ráðstöfunartekna hjá öllum en jafnframt mjög mikil aukning ójafnaðar, því hærri tekjuhóparnir skriðu mjög langt fram úr þeim sem neðar voru í stiganum. Hvort hér hafi verið um heppilega þjóðfélagsþróun að ræða skal lesandanum látið eftir að meta, en mikið er til af rannsókn-um sem sýna að samband geti verið milli ójafnaðar og margvíslegra félagslegra vandamála (Wilkinson and Pickett 2009).

Tekjuskiptingin er mikilvægur þáttur lífshjaranna í samfélaginu og tengist ekki bara dreifingu gæða í samtímanum heldur hefur hún einnig áhrif á tækifæri frá einni kynslóð til annarrar sem og yfir lífshlupið, auk þess sem hún er stór þáttur stéttaskiptingarinnar í samfélaginu. Þær þjóðir sem hafa jafnari tekjuskiptingu hafa að öðru jöfnu einnig jafnari tækifæri fyrir alla þegna og minni stéttaskiptingu í samfélaginu (Castles og fleiri 2010; Lefrac o.fl., 2008; Salverda o.fl. 2009; OECD 2008).

3. Hvað breytti tekjuskiptingunni?

Á heildina lítið má aðgreina þrjú áhrifsvið ójafnaðar í tekjuskiptingunni. Fyrst er það vinnumarkaðurinn sem mótar dreifingu atvinnutekna. Í öðru lagi fjármálamarkaðurinn sem skilar fjármagnstekjum (arðgreiðslum, söluhagnaði, öðrum eignatekjum og vaxta-

tekjum), en þær eru algengastar og hæstar hjá fólki í hátekjuhópum og dreifast því hvað ójafnast. Loks er svið skatta og velferðarkerfisins sem jafnar tekjurnar, með hærri álagningu skatta á hærri tekjur og hækkun lægri tekna með bótum, lífeyrisgreiðslum og skattaafslætti (Kenworthy 2008).

Það er almenn samstaða um það innan vinnumarkaðshagfræðinnar að tveir þættir hafi megináhrif á dreifingu atvinnutekna. Í fyrsta lagi framboð og eftirspurn eftir vel menntuðu og sérhæfðu vinnuafli en slíkt getur breyst, m.a. vegna hnattvæðingar eða tæknibreytinga (Goldvin og Katz 2008). Í öðru lagi þá draga stofnanir vinnumarkaðarins (svo sem verkalýðsfélög og samráðskerfi) og lágmarkslaun úr frjálsri verðmyndun á vinnumarkaðnum og jafna tekjuskiptinguna (Katz og Autor, 1999).

Ef launadreifing er borin saman við dreifingu ráðstöfunartekna (tekjur allra heimilismanna) má sjá nokkra fylgni þar á milli, eða um 0,7, sem þýðir að launadreifing gæti skýrt um 50% af breytileika í ójöfnuði ráðstöfunartekna.⁷ Miðað við það má ætla að þættir utan vinnumarkaðarins geti skýrt hin 50%. Þar er oft vísað til eftirfarandi fjögurra atriða (Atkinson 2003; Kenworthy 2008):

1. Atvinnuþátttaka
2. Lýðfræðilegir þættir: Samsetning heimila og aldursdreifing
3. Dreifing fjármagnstekna
4. Jöfnunaráhrif tilfærslna og skatta

Eftir því sem atvinnuþátttaka er minni fjölgar heimilum sem hafa lágar tekjur (vegna atvinnuleysis eða minna vinnumagns) og þá verður ójöfnuður að öðru jöfnu meiri. Á móti kemur þó að velferðarkerfi greiða þeim, sem missa vinnuna, bætur, en þar sem þær eru íðulega lægri en meðallaun leiðir minni atvinnuþátttaka yfirleitt til meiri ójafnaðar.


Þegar litið er til lýðfræðilegra þátta er það einkum samsetning heimila sem máli skiptir, þar sem aldursdreifing hefur mjög óverulega áhrif á ójöfnuð nema um mjög langt tíma-skeið sé að ræða (Burtles, 2009). Samsetning heimila getur hins vegar haft töluverð áhrif á ójöfnuð. Til dæmis skýrir aukin hlutdeild heimila með einn fullorðinn hluta af aukningu ójafnaðar í mörgum OECD-ríkjum síðustu áratugi (OECD, 2008 og 2011).

Það er nánast lögmál að fjármagnstekjur fari í meira mæli til hærri tekjuhópa en þeirra lægri (OECD, 2011). Þegar hlutdeild fjármagnstekna af heildartekjum eykst leiðir það að öðru jöfnu til meiri ójafnaðar. Þannig hefur t.d. meginuppsetta aukins ójafnaðar á Norðurlöndunum síðan 1995 stafað af aukningu fjármagnstekna (sjá umfjöllun um þróun tekjuójafnaðar á Íslandi og hinum Norðurlöndunum síðar í greininni).

Skatta- og tilfærslukerfi hafa hins vegar tekjujafnandi áhrif. Samanlagt draga þau gjarnan úr ójöfnuði um 30-50% í vestrænum ríkjum. Þar vega tilfærslur íðulega um 2/3 af jöfnunaráhrifunum og skattkerfi um 1/3. Tilfærslur innihalda m.a. atvinnuleysisbætur og lífeyristekjur sem íðulega eru greiddar til tekjulausra eða tekjulágra einstaklinga og hafa því mikil áhrif á tekjudreifinguna. Mismunur á jöfnunaráhrifum tilfærslna milli þjóða skýrist því í senn af lýðfræðilegum þáttum (t.d. atvinnuleysi og hlutfallslegum fjölda eldri borgara) og velferðaraðgerðum stjórnvalda (Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2011a; Mahler og Jesuit, 2006).

Mynd 2 varpar ljós á hvaða þættir tengdust breytingum á tekjuójfnuði frá 1997 til 2010. Þar er sýnd þróun tekjuójafnaðar hjá fjölskyldum (hjón og sambúðarfólk) fyrir skatt, með breytilegri samsetningu tekna. Ójöfnuðurinn er mældur með Gini-stuðlum fyrir hvern tekjubátt. Efsta línan sýnir ójöfnuð heildartekna fyrir skatta og bætur, næstefsta línan sýnir Gini-stuðla fyrir heildartekjur án söluhagnaðar hlutabréfa og annarra eigna (sem oft voru um helmingur fjármagnstekna á seinni hluta tímabilsins). Þá kemur þriðja línan ofan frá með Gini-stuðla fyrir heildartekjur án allra fjármagnstekna og neðst er svo einungis miðað við atvinnutekjur (hjón með engar atvinnutekjur eru undanskilin í útreikningum). Tvær neðstu línurnar falla að nokkru leyti saman. Ef í staðinn væru hér sýndar ójafnaðarlínur eftir skatta og bætur væri ójafnaðarþróunin talsvert meira afgerandi fyrir alla tekjubættina. Munur milli áhrifa þáttanna innbyrðis er einnig meiri þegar það er gert.

Mynd 2. Áhrif ólíkra tekjubáttanna á þróun tekjuójafnaðar fyrir skatt, hjá hjónum og sambúðarfólki. Myndin sýnir Gini-stuðla fyrir þróun heildartekna fyrir skatt og þegar einstakir tekjubættir eru teknir út úr heildartekjunum. Vísitölur: Gini-stuðlar fyrir árið 1997 eru settir á 100.⁸



Dreifing atvinnutekna hér á landi hefur til lengri tíma litið sveiflast í takt við hagsveifluna, en töluverð fylgni er á milli atvinnuleysis og ójöfnuðar atvinnutekna. Ásgeir Jónsson o.fl. (2001) skýra það með þeim hætti að niðursveiflur komi þeim tekjulægstu verr (t.d. vegna minnkandi yfirvinnu). Þannig má sjá á mynd 2 að ójöfnuður atvinnutekna minnkaði lítillega frá 1997 til 2001 þegar góðæri ríkti og atvinnuleysi minnkaði. Samband ójafnaðar og atvinnuleysis virtist hins vegar hafa horfið eftir aldamótin 2000.⁹ Síðan hefur ójöfnuður aukist samhliða miklu góðæri og minnkandi atvinnuleysi. Helsta skýring þess er mikil aukning á meðaltekjum stjórnenda og sérfræðinga umfram aðra starfshópa, en einnig aukinn ójöfnuður innan slíkra hópa. Þar gæti sérstaklega áhrifa fjármálageirans.


Þegar ójöfnuður milli og innan atvinnugreina er skoðaður sést að allar atvinnugreinar drögust aftur úr tekjum starfsmanna fjármálageirans. Því til viðbótar jókst ójöfnuður innan fjármálageirans mjög mikið fram að hruni en hann var tiltölulega stöðugur í öðrum atvinnugreinum (sbr. gögn úr launakönnunum Hagstofu Íslands).

Af mynd 2 má einnig sjá að ójöfnuður jókst umtalsvert á alla aðra mælikvarðana, þ.e. óháð því hvaða tekjuhugtak er miðað við. Það er hins vegar nokkur munur á stærðargráðum aukningarinnar eftir tekjupáttum. Aukningin er meiri eftir því sem tekjuhugtakið inniheldur fleiri tekjupætti.

Þar eð fjármagnstekjur koma að umtalsverðu leyti í tekjuhærri hópana þá veða þær mikið í aukningu ójafnaðarins, eins og samburður á efstu línunni og þeirri þriðju efstu sýnir. Ójöfnuður heildartekna jókst um 54% frá 1997 til 2007 þegar allar fjármagnstekjur eru meðtaldar, án söluhagnaðar var aukning ójafnaðarins um 19%, án allra fjármagnstekna var aukning ójafnaðarins um 12%, en þegar aðeins er miðað við laun- og aðrar atvinnutekjur jókst ójöfnuðurinn um tæplega 12% frá 1997 til 2007, eða svipað og það sem OECD kallar „mikla aukningu ójafnaðar“.

Aukinn ójöfnuð heildartekna fyrir skatt má því að miklu leyti rekja til áhrifa fjármagnstekna, einkum vegna söluhagnaðar. Að öðru leyti skýrist aukinn ójöfnuður fyrir skatt af auknum ójöfnuði atvinnutekna og minnkandi jöfnunaráhrifum tilfærslukerfisins. Þegar litið er til þróunar ójafnaðar eftir 2007 má að sama skapi sjá að fjármagnstekjur skýra stærstan hluta af minnkuninni. Einnig minnkaði ójöfnuður heildartekna án fjármagnstekna á sama tíma og atvinnuleysi jókst gríðarlega. Líkleg skýring á því er að jöfnunaráhrif voru aukin til muna. Hér skal þó tekið fram að þessar stærðargráður ber að túlka með ákveðnum fyrirvara. Í næsta hluta er notast við aðra aðferð, sem gefur þó í stórum dráttum sömu niðurstöðu en sýnir betur hvernig vægi ólíkra skýringarþátta breyttist á tímabilinu þar með talið vægi skatta og bóta (sjá töflu 4).

Mynd 3. Samsetning heildartekna allra framteljenda fyrir skatt, árin 1995, 2000, 2005, 2007 og 2010. Hlutfall einstakra tekjupátta af heildartekjum fyrir skatt.¹⁰



Önnur leið til að varpa ljósi á hvað getur valdið auknum ójöfnuði er sú að skoða hvernig samsetning tekna breyttist. Á mynd 3 sýnum við þróun samsetningar heildartekna allra framteljenda. Sýnd eru helstu tekjuhugtökin sem breyttust. Tölurnar eru hlutfall hvers tekjuháttar af heildartekjum fyrir skatt árin 1995, 2000, 2005, 2007 og 2010.

Eins og myndin sýnir lækkaði hlutdeild launatekna úr um 77% í 65% af heildartekjum frá 1995 til 2007 um leið og fjármagnstekjur skiluðu stærri hlutdeild af heildartekjum (einkum auknar arðgreiðslur og söluhagnaður eigna). Hluttur söluhagnaður eigna fór úr 0,2% 1995 upp í 14,4% árið 2007, en aðrar fjármagnstekjur fóru úr 0,2% og upp í 8,9% á sama tíma. Sú aukning á sér í senn rætur í breytingum á skattalögum og í vexti umsvifa á hlutabréfamarkaði, sem náðu hámarki í bóluhagkerfinu milli 2002 og 2007. Aukin spákaupmennska og eignabrask með lánsfé (svo sem með hlutabréf o.fl.) varð einstaklega mikil á Íslandi á þessum tíma, líklega einstök í heiminum. Sú þróun var til þess fallin að skila sér í mjög mikilli aukningu fjármagnstekna (Stefán Ólafsson 2011a; OECD 2011). Báðar tegundir fjármagnstekna lækka svo hlutdeild sína umtalsvert eftir hrun, sérstaklega söluhagnaður, en aðrar fjármagnstekjur voru áfram um 6,3% heildartekna.

Einnig er athyglisvert að tekjur af atvinnurekstri (reiknað endurgjald eða aðrar beinar atvinnutekjur sjálfstætt starfandi einstaklinga) lækkuðu stórlega á tímabilinu (úr um 10% árið 1990 og 8,5% 1995 niður í um 2% árið 2007). Sú breyting varð afgerandi frá og með 1995 og jókst enn frekar frá 1997 eftir að nýr fjármagnstekjuskattur kom til sögunnar, með lægri álagningu en var á almennum atvinnutekjum. Þessi minnkun á sér enga samsvörun í samdrætti almenns atvinnurekstrar á þessum tíma, nema síður sé. Hins vegar fellur þessi breyting saman við tilkomu og mikla fjölgun einkahlutafélaga, sem líklega hafa verið notuð til að breyta hluta atvinnutekna yfir í fjármagnstekjur, því skattalegt hagræði var af því (Stefán Ólafsson 2007 og IMF 2010).

Frá 1995 til 2007 jókst hluttur lífeyrissjóðstekna af heildartekjum úr um 4,0% í rúm 4,4% árið 2007, með aukningu áunninna réttinda nýrra lífeyrisþega á hverju ári. Lífeyrissjóðstekjur hækkuðu svo hlutdeild sína eftir hrun vegna verðbindingar þeirra greiðslna (þrátt fyrir skerðingu réttinda í mörgum sjóðum). Tekjur frá almannatryggingum minnkuðu jafnt og þétt á tímabilinu frá 1995. Árið 1995 vógu þær um 8% en voru komnar niður í 4,5% 2007. Þær jukust síðan stórlega aftur eftir að út í kreppuna var komið, frá og með haustinu 2008, og voru 8,5% árið 2010. Ástæða þess er aukið atvinnuleysi og sú staðreynd að tekjutengingarreglur almannatrygginga skila lífeyrisþegum hærri greiðslum þegar aðrar tekjur þeirra lækka (svo sem fjármagnstekjur eða atvinnutekjur). Einnig var lágmarksframfærslutrygging almannatrygginga hækkuð verulega 1. janúar 2009 og hélt hún gildi sínu þrátt fyrir auknar skerðingar lífeyrisgreiðslna til tekjuhærrí lífeyrisþega frá 1. júlí 2009.

Á heildina litið breyttist samsetning heildartekna einstaklinga þannig mjög mikið á þessum tíma frá 1995 til 2010.

Breytt tekjudreifing er því mótuð af mörgum þáttum og áhrif þeirra eru mismunandi á ólíkum þrepum tekjustigans. Næst skoðum við ítarlega áhrif stærstu orsakavalda breytinganna á tekjustiptingunni, þ. e. fjármagnstekjur og áhrif tekjuskatts og bóta-kerfisins.

4. Áhrif fjármagnstekna á tekjudreifinguna

Þegar hefur komið fram að hlutdeild fjármagnstekna jókst mjög mikið eftir að hinn nýi fjármagnstekjuskattur var tekinn upp, með lægri meðalálágningu en á atvinnutekjur. Það tengdist einnig aukinni virkni á íslenskum hlutabréfamarkaði sem náði svo hámarki í bóluhagkerfinu milli 2002 og 2007. Aukin hlutdeild fjármagnstekna jók ójöfnuðinn verulega vegna þess að þær runnu í miklu meira mæli til hærri tekjuhópanna. Því til viðbótar leiddi aukning fjármagnstekna til þess að jöfnunaráhrif skattkerfisins minnkuðu, vegna lægri raunsköttunar fjármagnstekna en atvinnutekna (Arnaldur Sölvi Kristjánsson 2011a).

Í töflu 3 sýnum við áhrif fjármagnstekna á dreifinguna nánar með því að skoða þróun hlutdeildar fjármagnstekna af heildartekjum í tíu jafnstórum tekjuhópum (10% af tekjuþegum eru í hverjum), frá þeim tekjulægstu (hópur I) til millitekjuhópa (V og VI) og loks til þeirra tekjuhæstu. Þar er bæði að finna tölur fyrir þau 10% tekjuþega sem hæstu tekjurnar höfðu (hópur X) og hæsta 1% tekjuþega. Sá hópur er sérstaklega tekinn út vegna þess að allra tekjuhæstu einstaklingarnir höfðu langhæstu fjármagnstekjurnar. Einnig er í aftasta dálki sýnd hlutdeild fjármagnstekna hjá þeim sem höfðu meðaltekjur. Þessi gögn gefa skýra mynd af mismunandi áhrifum fjármagnstekna á ólíkum þrepum tekjustigans.

Tafla 3. Hlutdeild fjármagnstekna eftir tekjuhópum 1992-2009. Fjármagnstekjur sem % af heildartekjum viðkomandi tekjuhóps, fyrir skatt. Tíu jafn stórir hópar og tekjuhæsta 1% tekjuþega.

	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	Efsta 1%	Meðal-tekjur
1992	3,3	1,6	2,1	2,1	2,3	2,2	2,0	2,0	2,1	6,6	18,2	3,2
1993	3,0	1,5	2,0	2,2	2,3	2,2	2,0	1,9	2,2	6,3	17,7	3,1
1994	2,3	1,3	1,6	1,7	1,8	1,6	1,6	1,4	1,5	4,6	12,2	2,3
1995	2,6	1,3	1,8	1,8	1,7	1,8	1,6	1,6	1,8	5,1	13,9	2,5
1996	2,6	1,5	1,9	2,1	2,2	2,0	1,8	1,7	2,0	6,8	19,2	3,1
1997	4,0	2,0	2,5	3,1	3,1	2,7	2,4	2,4	2,9	12,0	34,5	5,1
1998	3,5	2,2	2,8	3,3	3,2	2,6	2,3	2,3	2,6	10,2	28,5	4,6
1999	3,6	2,8	3,4	4,3	3,8	3,2	3,2	3,4	3,9	16,2	41,3	6,8
2000	3,7	2,9	3,9	4,6	4,1	3,7	3,4	3,6	4,6	19,2	49,0	8,0
2001	3,9	2,7	4,0	4,6	4,0	3,5	3,4	3,6	3,9	23,7	63,1	9,2
2002	3,9	2,6	3,8	4,0	3,6	3,2	2,9	2,9	3,8	24,1	64,6	9,2
2003	3,6	2,6	3,4	3,9	3,7	3,4	3,2	3,6	4,4	31,3	72,9	11,9
2004	4,3	2,4	3,2	3,9	3,8	3,6	3,8	3,9	5,4	32,0	71,5	12,4
2005	4,7	2,7	3,9	4,4	4,1	3,6	3,7	4,4	5,6	42,3	81,7	16,9
2006	5,1	3,0	4,3	5,3	4,7	4,2	4,4	5,3	7,4	46,3	83,2	19,3
2007	5,1	3,0	4,4	5,5	5,2	5,1	4,9	6,1	8,3	54,0	85,3	24,4
2008	8,8	5,7	7,7	8,7	8,4	8,4	8,5	9,3	11,8	41,8	75,4	19,5
2009	8,8	5,5	7,3	7,9	7,6	7,1	6,9	7,4	8,6	31,4	67,8	14,5

Gögn: Ríkisskattstjóri. Tekjum fjölskyldna er deilt niður á kvadratrót af fjölda fjölskyldumeðlima (e: *equivalized*). Fjármagnstekjur eru vaxtatekjur, arður, leigutekjur og tekjur af eignasölu (e: *capital gains*).

Í OECD-ríkjunum er algengt að fjármagnstekjur séu um 7% af meðaltekjum (OECD 2011, bls. 34-5). Hér á landi fór hlutfallið úr um 7% árið 1999 upp í 24% árið 2007 (dálkur 12 í töflunni).¹¹ Áhrif fjármagnstekna virðast þannig hafa verið mun meiri hér á landi á síðasta áratug, enda var bóluhagkerfið íslenska einstakt í sinni röð.

Taflan sýnir að tekjulægsta fólkið (hópur I) var með 2-3% tekna sinna í formi fjármagnstekna á fyrri hluta tímabilsins og það hlutfall fór rólega hækkandi á bólutímanum í átt að 4-5% og stökk síðan upp í tæp 9% 2008-9, meðal annars fyrir áhrif verðbólgu og hækkun stýrivaxta sem tengdist hruninu, enda er hér einkum um að ræða vaxtatekjur af sparifé hjá lægri tekjuhópnum. Eldri borgarar, sem hafa lágar lífeyristekjur, eiga oft uppsafnað sparifé sem skilar slíkum vaxtatekjum. Ofangreind lýsing á þróun fjármagnstekna er svipuð hjá a.m.k. hópum I til VIII, þ. e. hjá þeim 80% einstaklinga sem lægri tekjurnar höfðu. Fjármagnstekjur hækkðu meira hjá þeim 20% einstaklinga sem hæstu tekjurnar höfðu, því meira sem tekjurnar voru hærri.

Vaxtatekjur vega meira hjá lágtekju- og millihópnum en arðgreiðsluhluti fjármagnstekna og söluhagnaður koma í mestum mæli til tekjuhæstu hópanna. Þær tekjur tóku að aukast hröðum skrefum eftir tilkomu hins nýja fjármagnstekjuskatts 1997 og með auknum umsvifum á hlutabréfamarkaði. Þau umsvif voru oft byggð á lánsfé, eins og fram hefur komið í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Þetta náði svo hámarki í viðamiklu braski bóluhagkerfisins árið 2007. Í níunda hópnum (hópur IX í töflunni) jukust fjármagnstekjur meira á síðustu árunum fyrir hrun en í lægri tekjuhópnum og eru líka umtalsverðar árin 2008 og 2009.

Mikilvægt er að hafa í huga að gögn ríkisskattstjóra benda til að þegar á árinu 2008 hafi samsetning fjármagnstekna breyst (sjá einnig mynd 3), með því að efnafólk hafi flutt eignir sínar úr hlutabréfaformi og yfir á sparireikninga bankakerfisins, sem síðar voru verndaðir í hruninu. Vaxtatekjur eru þannig mun stærri hluti frá 2008 en áður var og arður og eignasölutekjur minni. Verðbólga hafði svo áhrif til frekari hækkunar á nafnvirði vaxtateknanna í kreppunni ásamt hækkuðum stýrivöxtum.

Ef við lítum síðan á allra tekjuhæstu hópana (hóp X og efsta 1% tekjuþega) þá sjáum við miklu stærri hlut fjármagnstekna á öllu tímabilinu og vöxtur fjármagnstekna var þar einnig af allt annarri og meiri stærðargráðu en hjá lægri tekjuhópnum. Hluttur fjármagnstekna í hópi X fór frá um 5% árið 1994 upp í 54% árið 2007 og hélst áfram furðuhár árin 2008 og 2009, en þá að vísu meira í formi vaxtatekna en arðs eða eignasölutekna. Verðbólgan, sem rauk upp með hruninu, skýrir auðvitað hluta af aukningu vaxtatekna.

Þegar sjónum er beint að allra tekjuhæstu einstaklingunum (tekjuhæsta 1 prósentíð, í næstaftasta dálki töflunnar) þá má sjá að fjármagnstekjur fóru frá því að vera um 12% heildatekna þeirra 1994 upp í 85% árið 2007. Vöxtur fjármagnstekna var þannig langmestur hjá hinum allra tekjuhæstu og sýnir þetta á skýran hátt hve stórt hlutverk fjármagnstekjur léku í aukningu ójafnaðarins fram að hruni.

Í töflu 4 er sýnd sundurgreining ójafnaðar (mælt með Gini-stuðli) eftir einstökum tekjulíðum (e: *decomposition by income source*).¹² Taflan sýnir hlutfallslegt framlag einstakra tekjulíða til ójafnaðarins, þ.e. sem hlutfall af Gini-stuðlinum.

Tafla 4. Sundurgreining á ójöfnuði 1992 til 2009. Tölurnar sýna framlag einstakra tekjuliða til ójafnaðar ráðstöfunartekna (í % af Gini-stuðli). Framlag fjármagnstekna er sýnt sérstaklega fyrir einstaka liði þess (í fyrstu þremur dálkunum).

	Sundurgreining áhrifa fjármagnstekna			Framlag fjögurra helstu tekjubátta til ójafnaðar ráðstöfunartekna (% af Gini-stuðli)				
	Arður	Vextir	Söluhagnaður	Fjármagnstekjur samtals	Atvinnutekjur	Tilfærslur ¹	Nettó skattar	Ráðstöfunartekjur
1992	2,1	4,5	0,6	7,6	147,5	-12,0	-43,0	100%
1993	1,5	5,2	0,7	7,6	152,7	-12,1	-48,2	100%
1994	1,2	3,8	0,4	5,6	158,0	-13,7	-49,9	100%
1995	1,5	3,7	0,7	6,1	157,6	-15,0	-48,7	100%
1996	1,6	4,6	1,5	7,9	154,1	-14,5	-47,4	100%
1997	5,3	3,0	4,7	13,7	145,9	-13,4	-46,2	100%
1998	4,0	3,1	3,6	11,4	147,0	-13,2	-45,3	100%
1999	5,8	5,1	6,7	18,1	136,7	-12,3	-42,5	100%
2000	5,6	5,3	10,0	21,4	131,7	-11,4	-41,7	100%
2001	5,0	6,8	13,4	25,7	124,1	-9,7	-40,1	100%
2002	5,3	5,1	15,2	26,0	122,8	-9,7	-39,1	100%
2003	6,6	4,9	21,7	33,7	110,4	-8,2	-36,0	100%
2004	7,8	7,3	19,3	34,9	109,3	-8,1	-36,1	100%
2005	10,1	6,8	27,6	45,0	92,6	-6,7	-30,9	100%
2006	11,7	8,6	28,4	49,2	84,8	-5,5	-28,5	100%
2007	10,1	8,2	38,9	57,6	71,3	-3,9	-25,0	100%
2008	14,2	22,8	7,7	45,4	85,5	-2,4	-28,5	100%
2009	13,2	16,0	4,9	34,9	101,0	-1,0	-35,0	100%

Gögn:Ríkisskattstjóri. Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur (allt talið með) eftir greidda skatta og bætur. Tekjum er deilt niður á kvadratrót af fjölda fjölskyldumeðlima (e. *equalized*). ¹ Tilfærslur innihalda greiðslur frá lífeyrissjóðum og almannatryggingar (einkum atvinnuleysisbætur og greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins).

Hér kemur fram að frá og með 1997 jókst hlutur arðgreiðslna og söluhagnaðar, og var vöxtur síðarnefnda liðarins snöggum meiri frá 1999, en arðgreiðslurnar tóku svo síðar að aukast aftur frá og með 2003. Heildarframlag fjármagnstekna allra til tekjuójafnaðarins (dálkur 4 í töflunni) fór frá um 6-8% fyrir 1997 og upp í 57,6% árið 2007, þegar mest varð. Fjármagnstekjur orsökðu þá hátt í 60% af tekjuójöfnuði í landinu, en það lækkaði svo niður í um 35% árið 2009, sem þó var svipað og verið hafði árið 2004. Þrátt fyrir mikla minnkun ójafnaðaráhrifa af söluhagnaði 2008 og 2009 skiluðu arðgreiðslur og vaxtatekjur umtalsverðum ójöfnuði þau árin.

Niðurstöður OECD (2011) benda til að fjármagnstekjur orsaki að jafnaði um 10% af tekjuójöfnuði í aðildarríkjunum. Ísland var sem sagt með meiri ójafnaðaráhrif af völdum fjármagnstekna en meðaltal OECD-ríkja þegar frá árinu 1997 (frá 1999 ef söluhagnaður er frátalinn) og fór upp í nærri sexfaldan hlut árið 2007. Það var auðvitað einstök og óvenjuleg þróun.

Til viðbótar við ítarlega sundurgreiningu á áhrifum fjármagnstekna á ójöfnuð sýnir

tafla 4 framlag annarra tekjubátta til ójafnaðar, þ.e. launa, tilfærslna og nettóskatta. Framlag launa til ójafnaðar minnkaði umtalsvert á árunum 1992-2007 vegna þess að hlutdeild launa af heildartekjum fór þá minnkandi. Eftir hrun jókst vægi launa í ójöfnuði aftur, sem var vegna aukins vægis launa í heildar ráðstöfunartekjum.

Tilfærslur hafa flest árin neikvætt framlag til ójafnaðar (þ.e. þær jafna tekjuskiptinguna). Ástæðan fyrir því er sú, að þær renna í meira mæli til lægri tekjuhópa. Jöfnunaráhrif tilfærslna minnkuðu jafnt og þétt á öllu tímabilinu (jöfnunaráhrif eru sýnd með neikvæðu formerki og þegar talan verður minna neikvæð tákna það aukinn ójafnaðaráhrif – eða minni jöfnunaráhrif). Frá 1992 til 2007 má rekja minnkandi jöfnunaráhrif einkum til þess að lífeyristekjur urðu minni hluti heildartekna. Eftir hrun jókst vægi tilfærslna en dreifing þeirra breyttist til muna, þ.e. þær runni hlutfallslega meira til millitekjuhópa. Ástæðan fyrir því er sú, að lífeyrissjóðsgreiðslur runnu í auknum mæli til millitekjuhópa. Það sama á hins vegar ekki við um greiðslur almannatryggingar.

Skattkerfið (tekjuskattur að frádregnum barna- og vaxtabótum) dregur úr ójöfnuði, þar eð álagning er stigvaxandi. Af töflunni má sjá að jöfnunaráhrifin minnkuðu umtalsvert 1992-2007, vegna þess að álagning á hærri tekjuhópa minnkaði um leið og hún jókst hjá lægri hópum. Árin 2008 og 2009 jukust jöfnunaráhrifin svo á nýja leik vegna hækkunar persónuafsláttar og hærri álagningar á hærri tekjur (sjá nánar í næsta kafla).

Ljóst er að þessa þróun fjármagnstekna má rekja til útpennslu fjármálastarfsmennar hér á landi í tengslum við aukið frjálsræði í fjármálageiranum og einkavæðingu banka. Ekki er þó hægt að líta fram hjá breytingum á skattlagningu fjármagnstekna sem tóku gildi 1997. Síðan þá og fram að fjármálahruninu var skattaálagning á fjármagnstekjur 10% en að meðaltali um 20% fyrir aðrar tekjur (að teknu tilliti til frádráttarliða).¹³ Ekki er ólíklegt að aukna hlutdeild fjármagnstekna megi að einhverju leyti rekja til þessarar skattbreytinga, því mikill hvati var til að breyta atvinnutekjum í fjármagnstekjur, m.a. með notkun einkahlutafélaga (IMF 2010; Stefán Ólafsson 2007). Reynsla Norðmanna og Finna hefur verið sú að lægri álagning fjármagnstekna á móti skattlagningu annarra tekna leiddi til fjölgunar einkahlutafélaga þar í landi, sem auðvelda slíka breytingu tekna (Thoresen og Alstadsæter 2010; Pirtilä og Selin 2011).

Aukið frjálsræði í atvinnulífi og á fjármála- og hlutabréfamarkaði gagnaðist þannig einkum hátekjufólki og stóreignafólki samfélagsins á áratugnum fram að hrúni. En stefna stjórnvalda í skattamálum bætti svo enn við tekjuaukninguna sem hátekjufólkið naut, eins og sýnt verður í næsta hluta greinarinnar.

5. Áhrif skattastefnunnar á tekjudreifinguna

Tekjuskattar og bætur hafa mikil áhrif á ráðstöfunartekjur almennings og þar með á ójöfnuðinn. Alls staðar á Vesturlöndum jafna skattar og bætur tekjudreifinguna, en mismikið þó (Arnaldur Sölvi Kristjánsson 2011a; OECD 2008 og 2011; Salverda o.fl. 2009; Mahler og Jesuit 2006; Stefán Ólafsson 2007). Þær þjóðir sem hafa þróaðri velferðarríki eru oftast einnig með meiri jöfnun tekjuskiptingarinnar. Þegar ójöfnuður í tekjuskiptingu jókst víða á Vesturlöndum fyrir tilstilli markaðsafla á síðustu áratugum var skatta- og bótastefnu gjarnan beitt til að vinna gegn aukningu ójafnaðarins, með aukinni jöfnun tekjuskiptingarinnar (Kenworthy og Pontusson, 2005; OECD 2011).

Athyglisvert er að á Íslandi hafði skatta- og bótastefna stjórnvalda þveröfug áhrif. Hún jók í reynd við ójöfnuðinn. Þetta hefur áður komið fram en má sjá á mjög skýran hátt í töflu 5 (Stefán Ólafsson 2006a, 2006b og 2007; Indriði H. Þorláksson 2007; Friðrik Már Baldursson o.fl. 2008; Arnaldur Sölvi Kristjánsson 2011a og 2011b).

Taflan sýnir hversu stóran hluta af heildartekjum sínum fólk í ólíkum tekjuhópum greiddi í beina skatta, eftir álagningu og alla frádrætti, frá 1996 til 2010. Í hópi I eru þau 10% einstaklinga sem höfðu lægstu tekjurnar, hópar V og VI eru í miðju tekjustigans og hópur X eru þau 10% einstaklinga sem höfðu hæstu tekjurnar. Einnig er sýnd raunveruleg skattbyrði tekjuhæsta 1% einstaklinga í næstaftasta dálki töflunnar.

Gögnin sýna að skattbyrðin jókst verulega í allra lægstu tekjuhópunum (frá um -6% 1996 og upp í +4% í hópi I og í hópi II frá 1,1% árið 1996 til 12,2% 2004). Hámarki í skattbyrði lægri og milli tekjuhópa var náð árið 2004 og lækkaði það lítillega eftir það fram að hruni. Aukning skattbyrðarinnar var almennt rólega minnkandi eftir því sem ofar í tekjustigann dró. Í hópi IX var aukning skattbyrðarinnar lítil, eða frá um 26% árið 1996 upp í 27% árið 2004. Hjá tekjuhæstu einstaklingunum í hópi X lækkaði skattbyrðin hins vegar stórlega, eða úr um 30% 1996 í 17% árið 2007.

Tafla 5. Nettóskattbyrði tekjuhópa 1996-2009. Hlutfall heildartekna sem greitt er í beina skatta í reynd, að teknu tilliti til bóta (barna- og vaxtabóta) og annarra frádráttarliða. Greint fyrir tíu jafn stóra tekjuhópa og tekjuhæsta 1%, auk meðaltekjuhópsins.

	I	II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	Efsta 1%	Meðal-tekjur
1996	-6,0	1,1	7,4	12,4	16,4	19,4	21,7	23,9	26,2	30,3	32,2	20,3
1997	-6,0	2,4	8,0	12,4	16,4	19,4	21,9	24,2	26,4	29,0	27,8	20,3
1998	-4,2	4,6	9,9	14,2	17,7	20,3	22,6	24,4	26,3	29,0	27,7	21,1
1999	-1,9	7,2	12,1	15,8	18,8	21,0	23,0	24,6	26,3	27,7	24,5	21,5
2000	-1,4	7,8	12,8	16,6	19,4	21,6	23,3	24,7	26,5	27,2	22,0	21,8
2001	0,8	10,1	14,9	18,3	20,9	22,8	24,4	25,8	27,2	25,9	17,4	22,5
2002	0,4	9,7	14,0	17,4	20,1	22,2	23,9	25,4	26,9	25,1	16,5	21,9
2003	2,2	10,6	14,6	18,0	20,4	22,3	23,9	25,3	26,8	23,5	15,3	21,7
2004	4,1	12,2	15,8	18,8	21,2	23,0	24,5	25,9	27,2	23,4	15,8	22,2
2005	3,1	11,4	15,1	18,4	20,6	22,6	24,2	25,2	26,3	20,2	13,3	20,9
2006	3,3	11,3	14,7	17,9	20,2	22,1	23,5	24,6	25,3	18,8	13,1	20,1
2007	3,0	10,5	13,8	16,7	18,8	20,5	22,2	23,4	24,3	17,1	13,0	18,6
2008	2,1	10,1	13,4	16,1	18,3	20,0	21,6	23,0	23,8	19,5	14,7	19,1
2009	-0,3	8,3	11,9	15,0	17,5	19,5	21,5	23,3	25,0	24,2	20,2	20,1
2010	-0,3	7,0	11,0	14,6	17,5	20,2	22,4	24,5	26,5	30,6	33,3	21,7

Gögn: Ríkisskattstjóri. Gögnin ná til hjóna og sambúðarfólks en tekjum er ekki deilt niður á fjölskyldumeðlimi áður en skattbyrði er reiknuð. Tölurnar eru niðurstöður ríkisskattstjóra um hversu stóran hluta heildartekna fólk í viðkomandi tekjuhópum greiddi í reynd, eftir álagningu og alla frádrætti. Gögnin eru því raunverulega greiddir skattar (e: *effective tax burden*), en ekki reiknuð eða áætluð stærð.

Ef við lítum svo á allra tekjuhæstu einstaklingana, þ. e. þau 1% einstaklinga sem voru á toppnum í tekjustiganum, þá var þróunin enn meira afgerandi. Skattbyrði þeirra fór

úr um 32% heildartekna niður í 13% árið 2007. Meginástæða þessa var hin mikla aukning fjármagnstekna hjá þessum aðilum, sem var skattlögð með minni álagningu en almennar launatekjur. Ítrekað skal að tölurnar í töflu 5 eru rauntölur ríkisskattstjóra um hvað fólk í viðkomandi hópum greiddi í reynd í beina skatta, að teknu tilliti til álagningar og allra frádráttarliða sem skattalög heimila.

Gögnin í töflu 5 sýna þannig að skattastefnan og breytt tekjusatsetning bættu verulega ofan á aukningu ójafnaðarins á tímabilinu. Skattbyrðin var að umtalsverðu leyti færð frá hærri tekjuhópum til þeirra lægri. Lýsing Warren Buffets (eins auðugasta manns Bandaríkjanna) á skattbyrði sinni, þ. e. að hún væri í reynd minni en hjá riturunum á skrifstofu hans, átti líka við á Íslandi fyrir hrun. Tekjuhæsta 1% heimila í Bandaríkjunum greiddi að jafnaði rúm 30% tekna sinna í skatta en sami hópur á Íslandi greiddi aðeins 13% árið 2007 (Mishel o.fl. 2010). Þeir Bandaríkjamenn sem hafa megnið af tekjum sínum í formi fjármagnstekna búa hins vegar við svipaða skattbyrði og tekjuhæsta 1% tekjuþega á Íslandi.

Athyglisvert er einnig að sjá í töflu 5 hvernig skattbyrðin breyttist eftir 2008. Hún lækkaði á ný í lægri tekjuhópum og millihópum en hækkaði í hæstu tekjuhópunum, bæði vegna hækkunar álagningar á fjármagnstekjur og minnkandi umfangs þeirra, en einnig vegna endurupptöku fjölpæpa skattkerfis. Hækkunin í hæstu hópunum leiddi til þess að skattbyrði þeirra er nú á svipuðu róli og hún hafði verið 1996. Skattbyrði lægri tekjuhópa var 2010 hins vegar enn nokkuð hærri en hún var 1996-2000. Jöfnunaráhrif skatta- og bótakerfisins voru því enn árið 2009 minni en verið hafði árið 2000 og árið 2010 voru þau, eftir hækkaða skattbyrði í hátekjuhópum, orðin svipuð og verið hafði árið 1998 (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson 2012, bls. 36).

6. Þróun tekjuójafnaðar á Íslandi og hinum Norðurlöndunum, 1995 til 2008


Eins og fram hefur komið jókst tekjuójöfnuður víða á Vesturlöndum eftir 1980. Sú þróun byrjaði með skýrum hætti í Bretlandi og Bandaríkjunum en hennar gætti síðan einnig í öðrum OECD-ríkjum. Á Norðurlöndum gætti slíkrar þróunar seinna, einkum eftir 1995, en þá var hún tiltölulega mikil í samanburði við önnur OECD-ríki (Fritzell o. fl. 2012; OECD 2008 og 2011; einnig Atkinson og Piketty 2010 og Atkinson, Piketty og Saez 2011).

Þar eð skandinavísku ríkin voru með einna jöfnustu tekjuskiptinguna fyrir þessa aukningu þá eru þau enn í hópi jafnari samfélaganna í Evrópu, en deila þeirri stöðu nú með fleiri ríkjum en áður. Þannig hefur dregið nokkuð saman með norrænu ríkjunum og öðrum evrópskum ríkjum í þessu efni. Hins vegar virðist fjármálakreppan geta leitt til þess að aftur dragi í sundur því sum evrópsku ríkin auka nú ójöfnuð með ýmsum kreppuáráttum, eins og niðurskurði í velferðarmálum. Slíkrar þróunar virðist ekki gæta að ráði í norrænu ríkjunum.

Á mynd 4 sýnum við fyrst nýjan samanburð frá OECD á tekjuójöfnuði í aðildarríkjunum frá tveimur tímabilum, þ.e. um miðbik tíunda áratugarins (oftast fyrir 2004) og frá seinni hluta áratugarins (2007-8, en fyrir Ísland eru tölurnar frá 2007). Þarna er miðað við ráðstöfunartekjur á fjölskyldumeðlim (e: *equivalized*), en söluhagnaði eigna

(e: *capital gains*) er sleppt vegna erfiðleika við að fá slík gögn frá öllum þjóðunum. Eins og við höfum sýnt þá voru fjármagnstekjur óvenjustór hluti heildarráðstöfunartekna á Íslandi fram að hruni. Framlag þeirra til ójafnaðar var einnig mun meira hér en í öðrum OECD-ríkjum, sem gögn ná til. Það er því ljóst að ef tölurnar næðu til allra fjármagnstekna í öllum löndunum á myndinni þá væri Ísland ofar í ójafnaðarstiganum árið 2007 en myndin sýnir.

Mynd 4. Ójafnuður í OECD-ríkjunum. Gini-stuðlar fyrir ráðstöfunartekjur (án söluhagnaðar eigna) um 2007 og um miðbik tíunda áratugarins. Heimild: OECD (2011).




Ísland er þarna nálægt meðaltali OECD-ríkjanna 2007 og myndin sýnir mikla aukningu frá 2004. Ísland er í 16. sæti árið 2007 en hafði verið enn á svipuðu róli og hinar norrænu þjóðirnar 2004 (5. sæti). Samkvæmt samanburði Eurostat og Hagstofu Íslands var Ísland í 18. sæti á ójafnaðarstiganum árið 2008 (án söluhagnaðar). Nordurlöndin voru hins vegar með talsvert jafnari tekjuskiptingu en Ísland árið 2007. Eins og að ofan greinir þá er vanmat ójafnaðarins meira á Íslandi en í hinum löndunum í þessum gögnum OECD.

En hvernig var þróun ójafnaðar á Íslandi í samanburði við hinar norrænu þjóðirnar þegar allar fjármagnstekjur eru meðtaldar, þ.e. þegar allar skattskyldar tekjur eru meðtaldar?

Á mynd 5 er þeirri spurningu svarað. Þar er sýnd breyting Gini-ójafnaðarstuðla fyrir ráðstöfunartekjur (heildartekjur heimila að frádregnum sköttum og viðlögðum bótum; allar skattskyldar tekjur meðtaldar, einnig söluhagnaður eigna). Gögnin koma

úr kafla í nýrri bók sem er eftir þekktu norræna sérfræðinga á þessu sviði (Johan Fritzell, Olaf Bäckman og Veli-Matti Ritakallio, 2012).

Mynd 5. Þróun tekjuójafnaðar á Norðurlöndum frá 1995 til 2008. Aukning Gini-ójafnaðarstuðla fyrir ráðstöfunartekjur heimila, þar sem allar skattskyldar tekjur eru meðtaldar (Vísitölur: 1995=100).



Eins og myndin sýnir er aukning ójafnaðarinnar minnst í Danmörku, eða um 25% (þróun vísitölnunnar þar var frá 100 til um 125). OECD hefur það viðmið að hækkun Gini-ójafnaðarstuðulsins um meira en 12% á 10 ára tímabili teljist “mikil aukning á ójöfnuði“, eins og áður var nefnt. Þróunin hjá öllum norrænu ríkjunum á þessu tímabili er langt umfram það. Þetta telst því mikil aukning tekjuójafnaðar á Norðurlöndum, en hún var hins vegar úr stöðu mesta jafnaðar.

Langmest er aukningin þó á Íslandi, þar sem Gini-stuðullinn hækkaði um nærri 67% frá 1995 til 2007. Sú þróun er einstök á eftirstríðsárunum eftir því næst verður komist. Allt frá árinu 2001 gekk Ísland lengst meðal norrænu þjóðanna í að auka ójöfnuð tekjuskiptingarinnar og sú forysta var samfelld og jókst verulega allt til 2007. Athyglisvert er einnig að skoða þróunina í Noregi, en ójöfnuður jókst verulega þar árið 2005 en minnkaði svo hratt aftur. Þar í landi var þetta tengt breytingum á skattkerfinu sem fólu það í sér að álagning fjármagnstekna var hækkuð frá 2006. Margir losuðu um fjármagnstekjur áður en breytingin kom til framkvæmda (Aaberge og Atkinson 2010).

Þróunin í Svíþjóð og Finnlandi er einnig athyglisverð. Eftir fjármálakreppuna 1990-1994 jókst tekjuójöfnuður í báðum löndunum umtalsvert, þótt þau væru áfram í

hópi jöfnustu ríkja innan OECD. Þessi aukni ójöfnuður féll saman við upplýsingatæknibóluna 1995-2000 en þá dró aftur úr ójöfnuðinum uns hann tók að aukast á ný á árunum frá 2004 til 2007.

Þegar ástæður fyrir auknum ójöfnuði á Norðurlöndum eru skoðaðar kemur nokkuð svipað mynstur í ljós. Í öllum löndunum hefur aukið vægi fjármagnstekna skipt miklu máli (bæði arðs og söluhagnaðar eigna, svo sem hlutabréfa) fyrir aukningu ójafnaðarins (Atkinson og Piketty 2010; OECD 2011). Annað sem er athyglisvert er að þessi aukning hefur átt sér stað samhliða upptöku á svokölluðu tvískiptu skattkerfi, þar sem fjármagnstekjur hafa flatan og lægri skatt en aðrar tekjur. Þannig telja Markus Jäntti o.fl. (2010) og Aaberge og Atkinson (2010) upptöku tvískipts skattkerfis hafa skipt miklu fyrir aukningu fjármagnstekna og ójafnaðar í Finnlandi og Noregi.

7. Niðurstöður og umræða

Niðurstöður greiningarinnar eru þær, að tekjuskiptingin á Íslandi hafi breyst afar mikið á tímabilinu. Í kjölfar aukinnar jöfnunar tekjuskiptingarinnar frá 1988 til 1993 tók ójöfnuður ráðstöfunartekna að aukast gríðarlega frá 1995 til 2007, en þá urðu umskipti og úr ójöfnuði dró á ný í kjölfar hrunsins, milli 2008 og 2010. Ójöfnuðurinn jókst mest þegar allar skattskyldar tekjur eru meðtaldar, en þegar litið er á einstaka tekjuþætti þá er aukningin minni. Bóluhagkerfið jók fjármagnstekjur verulega (einkum arðgreiðslur og söluhagnað hlutabréfa og annarra eigna). Þeirra áhrifa gætti einkum eftir aldamótin og fram til 2007.¹⁴ Skatta- og bótastefna stjórnvalda á tímabilinu 1995 til 2006 jók því enn ójöfnuðinn.

Við leggjum mat á vægi einstakra þátta tekna og jöfnunaráhrifa við greiningu á þróun tekjuskiptingarinnar, auk þess að bera þróunina saman við grannríkin á Norðurlöndum og þjóðirnar í OECD almennt. Ójöfnuður tekna jókst á hinum Norðurlöndunum, einkum frá 1995. Sú þróun var úr stöðu mesta jafnaðar og héldu norrænu þjóðirnar áfram stöðu sinni í hópi hinna jöfnustu þjóða, þrátt fyrir aukninguna. Hraði aukningarinnar var hins vegar meiri á Íslandi eftir aldamótin. Frá 2001 hafði Ísland tekið forystuna í hópi norrænu þjóðanna hvað ójafnaðaraukningu varðar og hélst það allt til 2007. Fjármagnstekjur vögu meira í ójafnaðarþróuninni á Íslandi en í öðrum OECD-ríkjum, enda var íslenska bóluhagkerfið einstakt að umfangi.

Umsnúningur þróunarinnar frá 2008 var einnig verulegur. Þar gætti í senn áhrifa af minnkandi fjármagnstekjum og auknum jöfnunaráhrifum skatta og bótakerfis hins opinbera. Umfang ójafnaðarins var árið 2010 komið aftur á svipað ról og hafði verið milli 1998 og 1999.

Í inngangi listuðum við nú fullyrðingar um þróun tekjuskiptingarinnar á Íslandi sem settar voru fram í þjóðmálaumræðunni hér á síðustu árum. Allar áttu þær það sameiginlegt að draga verulega í efa að ójöfnuður hefði aukist svo um munaði. Nú munum við fjalla um og meta sannleiksgildi þeirra með hliðsjón af niðurstöðum greiningar okkar á staðreyndagögnunum.

I „Misrétti í launatekjum hefur ekki aukist.“ (BJ 2006)

II „Tekjujöfnuður (er) svipaður og áður en fjármagn (er) í eigu fárra.“ (BJ 2008)

Þessar tilgátur eða fullyrðingar Benedikts Jóhannessonar byggja á árlegum athugunum hans á dreifingu launatekna (atvinnu- og lífeyristekna) á grunni skattagagna ríkisskattstjóra. Benedikt gerir hins vegar aðferðafræðileg mistök í vinnslu gagnanna (sem eru útskýrð í viðauka hér á eftir), en það gerir að verkum að niðurstaða hans fær ekki staðist. Bæði gögn ríkisskattstjóra og Hagstofu Íslands sýna að ójöfnuður launatekna jókst á árunum eftir aldamótin og ef lítið er til ójafnaðar launatekna eftir skatta þá er aukningin enn meiri (sjá nánar mynd 2 og mynd í viðauka). Hún er þó á heildina lítið miklu minni en aukning ójafnaðar þegar allar skattskyldar tekjur eftir skatta og bætur (ráðstöfunartekjur heimilanna) eru metnar.

Aukinna áhrifa af fjármagnstekjum á ójöfnuðinn gætti í tveimur efstu tíundarhópunum. Það stenst því ekki að segja fjármagn vera í eigu fárra þegar dreifingaráhrifanna gætti verulega hjá meira en tíundahluta heimilanna. Báðar þessar fullyrðingar Benedikts teljast því vera ósannar.

Næstu þrjár fullyrðingarnar koma frá Hannesi H. Gissurarsyni stjórn málaheimspekingi og eru mótsagnakenndar, þótt þær komi allar úr sömu greininni frá 2007. Í þessum fullyrðingum er í senn sagt að jöfnuður hafi aukist, tekjuskiptingin hafi orðið eitthvað ójafnari og að hún sé enn (á árinu 2007) ein sú jafnasta í heimi. Auk eigin innri mótsagna rekast þessar fullyrðingar á staðreyndagögnin, sem segja allt annað.

- III „Því má raunar halda fram með nokkrum rökum [...] að jöfnuður hafi aukist á Íslandi.“ (HHG 2007)
- IV „Þótt tekjuskipting á Íslandi hafi orðið eitthvað ójafnari er hún samt ein hin jafnasta í heimi.“ (HHG 2007)
- V „Það er því úr lausu lofti gripið að tekjuskipting á Íslandi hafi færst frá því sem tíðkast á Norðurlöndum, í svipað horf og í Bretlandi.“ (HHG 2007)

Öll gögn úr athugunum okkar á ólíkum þáttum tekjuskiptingarinnar, með mörgum viðurkenndum aðferðum tekjuskiptingarannsókna, sem og gögn þau sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og gögn sem Ragnar Árnason vísar til, auk gagna nefndar fjármálaráðuneytisins (Friðrik Már Baldursson o.fl. 2008), sýna að aukning ójafnaðar ráðstöfunartekna var gríðarlega mikil á Íslandi. Raunar var aukning ójafnaðar hér frá 1995 til 2007 fordæmalaus, eftir því sem næst verður komist.

Tekjuskiptingin á Íslandi færðist úr því að vera ein sú jafnasta í hinum þróaða heimi upp í 16. sæti á ójafnaðarlista OECD árið 2007 og í 18. sæti á ójafnaðarlista Evrópsku hagstofunnar (Eurostat) og Hagstofu Íslands árið 2008 (þó að umfang ójafnaðarins sé vanmetið í þeim könnunum). Þar með var ójöfnuður á Íslandi orðinn umtalsvert meiri en á hinum Norðurlöndunum og Ísland hafði færst nær því sem var í Bretlandi. Þessar þrjár fullyrðingar Hannesar H. Gissurasonar eru því augljóslega rangar og eiga sér enga stoð í traustum staðreyndagögnum.

Næstu tvær fullyrðingar sama aðila eru einnig í mótsögn innbyrðis, enda fá þær ekki báðar staðist í senn. Það er rökfræðileg mótsögn að skattabreytingar geta í senn ekki hafa aukið ójöfnuð og að jöfnunaráhrif skattlagningarinnar hafi minnkað. Raungögn ríkisskattstjóra og Hagstofu Íslands, sem og greining nefndar fjármála-

ráðuneytisins sem að ofan var vísað til, og greiningar beggja höfunda þessarar greinar sýna öll að skattkerfið jók ójöfnuðinn á árunum frá 1995 til 2006, en síðan snerist sú þróun við eftir hrun. Fyrri fullyrðing HHG er því röng en sú seinni er rétt.

- VI „Skattabreytingar síðustu sextán ára hafa ekki aukið óréttlæti eða ójöfnuð í landinu.“ (HHG 2007)
- VII „Vissulega hefur dregið úr jöfnunaráhrifum skattlagningarinnar[...]“ (HHG 2007)

Síðustu fullyrðingarnar (VIII og IX) koma frá Ragnari Árnasyni og þær skarta einnig mótsögnum. Fullyrðing VIII gengur ekki upp rökfræðilega, þ.e. að þeir sem minna höfðu hafi ekki setið eftir um leið og þeir sem mest höfðu fyrir hafi jafnframt fengið mest. Fullyrðinguna mætti hugsanlega verja ef hlutfallsleg hækkun tekna lágtekju- og hátekjufólks hefði verið sú sama, þótt hátekjufólkið hefði þannig fengið fleiri krónur af sömu hlutfallshækkun. En það var alls ekki svo að hlutfallsleg hækkun tekna lágtekju- og hátekjufólks hafi verið sú sama. Hátekjufólk fékk miklu meiri hækkun en lágtekjufólk, bæði hlutfallslega og í raunkrönum. Fyrri hluti fullyrðingar VIII er rangur en seinni hluti hennar er hins vegar réttur. Þar liggur mótsögnin.

- VIII „Það er ekki hægt að segja það með neinni sanngirni að þeir sem minna höfðu hafi setið eftir en hins vegar er hægt að segja það að þeir sem höfðu mest, þeir hafa líka fengið mest.“ (RÁ 2007)
- IX „Af þessu mætti draga þá ályktun að mjög háar fjármagnstekjur tiltölulega fárra mjög auðugra aðila hefðu valdið hækkun Gini-stuðulsins fyrir heildartekjur.“ (RÁ 2007)

Síðasta fullyrðingin um að mjög háar fjármagnstekjur tiltölulega fárra mjög auðugra aðila hefði valdið hækkun Gini-stuðulsins fyrir heildartekjur stenst heldur ekki. Þótt það sé rétt að fjármagnstekjur mjög tekjuhárar (t.d. hæsta 1% tekjubega) hafi skipt miklu máli fyrir heildarójöfnuðinn (þær skýra um 60% af honum) þá eru það alls ekki öll ójafnaðaráhrifin, eins og við sýnum í greininni. Þessi fullyrðing telst því vera ósönn.

Sumir þeirra sem beittu sér í þjóðmálaumræðunni um tekjuskiptingu vildu augljóslega vísa því á bug að ójöfnuður hefði aukist markvert hér á landi á áratugnum fyrir hrun. Meðferð þeirra á staðreyndagögnum var hins vegar verulega ábótavant. Við höfum reynt að meta fullyrðingar þeirra með traustum gögnum og viðurkenndum aðferðum og leitast við að draga upp raunsanna mynd af umbreytingum tekjuskiptingarinnar á tímabilinu frá 1992 til 2010. Í greiningum okkar styður hvað annað auk þess sem niðurstöður okkar hafa fengið markverðan stuðning frá rannsóknum OECD, norrænna sérfræðinga á sviðinu og með athugunum Hagstofu Íslands í skýrslum um lágtekjumörk og tekjuskiptingu.

Markmið okkar var að draga upp heildstæða mynd af þróun tekjuskiptingarinnar og sýna með sundurgreiningu einstakra tekjubátta og áhrifavalda hvaða öfl mótuðu þróunina.

Viðauki: Umfjöllun um ójafnaðarþróun launatekna á vettvangi þjóðmálaumræðunnar

Benedikt Jóhannesson skrifaði árlega grein um þróun launaójafnaðar í tímarit sitt *Vísbandingu*, en þau skrif voru uppspretta rangra tulkana á ójafnaðarþróuninni fyrir marga. Þar sagði hann á grundvelli athugunar á dreifingu launatekna og fjármagnstekna að launatekjur (fyrir skatt) hafi ekki orðið ójafnari, en fjármagnstekjur hafi hins vegar bæði aukist hratt og dreifst ójafnar yfir tíma. Taldi hann jafnframt að ekki mætti blanda saman þróun fjármagnstekna og launatekna.

Almennt er nálgun hans óvenjuleg og of þröng (þ.e. að miða við launatekjur fyrir skatt) ef draga á ályktanir um þróun tekjuskiptingarinnar fyrir þjóðina alla. Ráðstöfunartekjur eftir skatta og bætur er hin venjulega og eðlilega viðmiðun fyrir það markmið, bæði hjá fræðimönnum og alþjóðlegum hagskýrslustofnunum (sjá t.d. OECD 2011).


Niðurstöður Benedikts Jóhannessonar (og að hluta einnig niðurstöður Ragnars Árnasonar) um að launatekjur/atvinnutekjur (fyrir skatt) hafi ekki orðið ójafnari á síðasta áratug eru að auki byggðar á þekktum aðferðafræðilegum mistökum, sem Arnaldur Sölvi Kristjánsson benti á í grein í *Vísbandingu* nr. 49, 2009 („Mæling ójafnaðar – vandleg meðferð gagna“). Það verður útskýrt hér á eftir.

Forsenda fyrir reikningi Gini-stuðulsins er alltaf sú, að þær tekjur, sem verið er að mæla, séu í röð frá þeim lægstu til þeirra hæstu áður en stuðullinn er reiknaður. Þegar þeim er raðað í annari röð er ójöfnuður ranglega metinn og þar sem þetta mat kann að breytast yfir tíma getur röng röðun haft villandi áhrif á niðurstöður um breytingu tekjuskiptingar (sbr. Kakwani, 1977). Ef mæla á ójöfnuð launatekna er þannig nauðsynlegt að þeim sé raðað eftir upphæð launatekna.

Gögnin sem Benedikt notaði eru hins vegar þannig, að tekjuþegum var raðað eftir „heildartekjum“ en ekki eftir launatekjum (eða tekjuskattstofni), sem þýðir að þeir aðilar, sem voru með hæstu launatekjurnar, voru ekki allir í hæsta tekjuhópnum (því röðun eftir heildartekjum setur þá sem hafa hæstar fjármagnstekjur í hæsta hópinn og þeir eru ekki sjálfkrafa með hæstu launatekjurnar). Reikningur Gini-stuðuls fyrir launa- eða atvinnutekjur, þegar svona er í pottinn búid, verður ekki réttur.¹⁵

Við sýnum þróun ójafnaðar launatekna á mynd V1 með eðlilegri röðun á grunni tekjuskattstofns (bæði fyrir og eftir skatt) í samanburði við niðurstöðu Benedikts, sem er með röðun á grunni heildartekna (brotalínan á myndinni). Réttu röðunin sýnir aukningu ójafnaðar fyrir skatt í tveimur stökkum, frá 1995 til 1998 og síðan frá 2004 til 2007, en litla breytingu yfir tíma með röðun Benedikts. Eftir skatt er aukning ójafnaðar launatekna meiri og jafnari yfir tíma. Eftir hrunið dró aftur úr ójöfnuðinum, ólíkt því sem niðurstöður Benedikts benda til. Aukning ójafnaðar launatekna eftir skatt frá 1997 til 2007 er mikil skv. viðmiði OECD. Hið sama á við um jöfnunina eftir hrun.

Mynd V1. Ójöfnuður launatekna frá 1993 til 2010, fyrir og eftir skatt (hjón og sambúðarfólks). Gini-stuðlar. Eðlileg röðun er röðun eftir tekjuskattstofni en röng röðun er röðun launatekna eftir heildartekjum.



Athugun á dreifingu launatekna samkvæmt launakönnunum Hagstofu Íslands sýnir einnig að atvinnutekjur í ólíkum starfsstéttum urðu ójafnari eftir því sem leið á áratuginn eftir aldamótin. Þau gögn, eins og gögn okkar hér, ganga því þvert á niðurstöður Benedikts og Ragnars um að engin eða lítil breyting hafi orðið á dreifingu atvinnutekna/launatekna (sjá gögn um launatekjur starfsstétta á www.hagstofa.is).

Aftanmálgreinar

- 1 Við þökkum Páli Kolbeins hjá embætti Ríkisskattstjóra kærlega fyrir aðstoð við gagnavinnsluna, sem gerði okkur ekki aðeins kleift að vinna með svipuð gögn og algengast er á Vesturlöndum, heldur einnig að sundurgreina áhrif einstakra tekjubátta betur og ítarlegar en áður var unnt.
- 2 Sjá nánar um það á <http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page/portal/statistics/themes>.
- 3 Gini-stuðullinn tekur gildi á bilinu 0 til 1. Hann er 0 þegar tekjur allra eru jafnar og 1 þegar einn aðili fær allar þjóðartekjurnar. Einnig má túlka stuðulinn sem mismun meðaltekna milli einstaklinga. Ef tveir einstaklingar eru valdir að handahófi þá er tekjumunurinn, mældur sem hlutfall af meðaltekjum, að meðaltali tvöfaldur Gini-stuðullinn. Ef Gini-stuðullinn er t.d. 0,30 þá er tekjumunur milli tveggja einstaklinga í samfélaginu að jafnaði 60% af meðaltekjum (Atkinson, 1975).
- 4 Ásgeir Jónsson og félagar (2001) notuðu svipuð gögn og svipaða aðferðafræði og hér er notuð, utan hvað þeir settu niðurstöður sínar fram aðskildar fyrir fjölskyldur og einstaklinga. Niðurstöður þeirra fyrir 1988-1992 tímabilið eru því ágætlega sambærilegar við tölur okkar fyrir árin eftir 1992, en okkar tölur ná hins vegar mun lengra fram í tímann.
- 5 Þekktustu dæmin um aukningu ójafnaðar í vestrænum ríkjum seinni tíma eru Bandaríkin og Bretland, þar sem Gini-stuðullinn jókst umtalsvert frá áttunda áratugnum. Frá stríðslokum til

- áttunda áratugarins var tekjuskipting víðast að jafnast. Í Bandaríkjunum hækkaði Gini- stuðullinn fyrir ráðstöfunartekjur um 5 stig frá 1968 til 1992 og í Bretlandi um 10 stig frá 1978 til 1990 (Atkinson, 2003). Á Íslandi hækkaði Gini-stuðullinn, til samanburðar, um 18 stig frá 1994 til 2007. Atkinson, Piketty og Saez (2011:32) sýna þróun Gini-stuðulsins í Bandaríkjunum með og án efsta 1% tekjuþega. Þeir sýna að án tekjuhæsta 1% hópsins jókst Gini-stuðullinn um 5 stig frá 1976 til 2006 en um 11 stig að þeim meðtöldum (um 9 stig ef söluhagnaði er sleppt). Þessi hækkan um 11 Gini-stig er sambærileg við hækkanina á Íslandi um 18 Gini-stig, nema hvað breytingin gerðist á 30 árum í Bandaríkjunum en 13 árum á Íslandi.
- 6 Mælikvarði Sen (1978) er fundinn þannig að meðaltekjur eru margfaldaðar með (1 – Gini). Seinni mælikvarðinn er margfeldi meðaltekna með (1 – Gini) í öðru veldi og setur þ.a.l. enn meiri vægi á ójöfnuð í samanburði við mælikvarða Sen (sjá nánar Jenkins, 1991).
 - 7 Fylgni milli P90/P10 hlutfalls meðal launafólks og Gini-stuðuls ráðstöfunartekna fyrir 24 OECD þjóðir (Heimild: OECD).
 - 8 Fjármagnstekjur samanstanda einkum af arðgreiðslum, söluhagnaði eigna (t.d. hlutabréfa o.fl.), leigutekjum og vaxtatekjum. Reiknuð leiga af eigin húsnæði er ekki talin með.
 - 9 Þegar fylgni milli atvinnuleysis og Gini-stuðuls atvinnutekna 1980-2000 er skoðuð kemur í ljós að fylgnin er 0,88 (sem þýðir að atvinnuleysi skýrir 77% af breytileika á ójöfnuði atvinnutekna). Eftir aldamótin er fylgnin 0,42, sem þýðir að atvinnuleysi skýri einungis 18% af breytileika á ójöfnuði atvinnutekna.
 - 10 Fyrsta árið (1995) vantar félagsgreiðslur frá sveitarfélögum, vægi þeirra er um 0,1-0,25% af heildartekjum.
 - 11 Án söluhagnaðar fór hlutur fjármagnstekna úr 4,3% árið 1999 upp í 15,8% árið 2008.
 - 12 Framlag einstakra tekjuliða er fundið með margfeldi af dreifingu viðkomandi tekjuliðar (Gini-stuðull, þar sem einstaklingum er raðað eftir ráðstöfunartekjum, og kemur þá fram svokallaður Concentration-stuðull) og hlutdeild tekjuliðarins af ráðstöfunartekjum (Lerman og Yitzhaki, 1985; OECD, 2011; Shorrocks, 1982).
 - 13 Framlag einstakra tekjuliða er fundið með margfeldi af dreifingu viðkomandi tekjuliðar (Gini-stuðull, þar sem einstaklingum er raðað eftir ráðstöfunartekjum, og kemur þá fram svokallaður Concentration-stuðull) og hlutdeild tekjuliðarins af ráðstöfunartekjum (Lerman og Yitzhaki, 1985; OECD, 2011; Shorrocks, 1982).
 - 14 Rétt er þó að hafa í huga að eftir aldamótin stofnuðu íslensku bankarnir útibú í Lúxemborg og víðar erlendis, meðal annars til að þjóna sérstaklega íslenskum efnamönnum. Ljóst virðist að mikilvægur hluti þessarar starfsemi hafi snúist um að koma fé frá Íslandi í erlend skattaskjól og til að nota við útfærslu alls konar flókinna fléttna í viðskiptum og fjármagnsflæði. Þar eð þetta snerti sérstaklega allra efnuðustu Íslendingana má ljóst vera að þær tölur, sem fást frá íslenskum skattayfirvöldum um tekjur þessa þjóðfélagsþóps, eru væntanlega vantaldar sem þessu nemur. Tölurnar um umfang ójafnaðar eru því líklegri til að fela í sér vanmat en ofmat á umfangi og aukningu ójafnaðar á Íslandi.
 - 15 Benedikt tekur undir hluta af athugasemdum Arnaldar Sölva í grein í Vísbendingu frá (2011), en segir svo: „... en allt bendir til þess að þegar notuð eru fimm prósentá tekjubil eins og í útreikningunum sé fylgni milli fjármunatekna og launatekna mikil [...] Sama aðferð er notuð öll árin og hún gefur sterka hugmynd um þróunina“ (2011: bls. 4). Þetta er rétt hjá Benedikt að því leyti að munurinn á Gini-stuðli eftir rétttri röðun og rangri röðun er raðfylgni milli launa og heildartekna, þ.e. $G=C \times R$ þar sem G er Gini-stuðull, C er Gini-stuðull eftir annarri röðun (Concentration-stuðullinn) og R mælir raðfylgnina (Lerman og Yitzhaki, 1985). Árið 1997 var raðfylgni launa og heildartekna 0,99 en hins vegar 0,91 árið 2007. Gini-stuðull með rangri röðun gefur því einungis sterka hugmynd um þróun ójafnaðar þegar raðfylgnin er stöðug en ekki ef hún minnkar yfir tíma eins og hér var. Minnkun á raðfylgninni hefur þau áhrif að Gini-stuðull launatekna fer úr 0,271 upp í 0,305 á tímabilinu, sem er umtalsverð breyting, en þegar einstaklingum er raðað eftir heildartekjum, eins og Benedikt gerir, fer stuðullinn einungis úr 0,270 í 0,278. Niðurstöður Benedikts fá því ekki staðist.

Heimildir

- Åberge, R. og A.B. Atkinson (2010). „Top Incomes in Norway“. Í Atkinson og Piketty (2010).
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2009). „Mæling ójafnaðar – Vandleg meðferð gagna“, í *Vísbendingu*, nr. 47, 2009, bls. 3-4.
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2011a). „Income Redistribution in Iceland: Development and European Comparisons“. *European Journal of Social Security*, 13(4), 392-423.
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2011b). „Áhrif breytinga skattkerfisins á skatttekjur, skattbyrði og tekjuskiptingu: Sundurgreining ábrifapátta“ 1992-2009. M.Sc. ritgerð í hagfræði við Háskóla Íslands (aðgengileg á www.ts.hi.is).
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson (2009). „Heimur hátekjuhópanna: Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993-2007“. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 5, 93-121.
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson (2010). „Aukinn ójöfnuður tekna 1995-2007 og umskiptin 2008-9: Greining á þróun tekjuskiptingarinnar“. Þjóðmálastofnun, Háskóli Íslands, Fréttabréf nr. 11:2010 (www.ts.hi.is).
- Atkinson, A.B. (1975). *The Economics of Inequality*. Oxford: Oxford University Press.
- Atkinson, A.B., Lee Rainwater og Timothy Smeeding (1995). *Income Distribution in OECD Countries*. París: OECD.
- Atkinson, A.B. (2003). „Income Inequality in OECD Countries: Data and Explanations“. CESifo Working Paper Series 881, CESifo Group Munich.
- Atkinson, A. B. and T. Piketty (ritstj. 2007). *Top Incomes over the Twentieth Century: A Contrast between European and English-Speaking Countries*. Oxford og New York: Oxford University Press.
- Atkinson, A. B. and T. Piketty (ritstj. 2010). *Top Incomes: A Global Perspective*. Oxford og New York: Oxford University Press.
- Atkinson, A.B., T. Piketty og E. Saez (2011). „Top Incomes in the Long Run of History“. *Journal of Economic Literature*, 49, 3-71.
- Autor, L. og D. H. Katz (1999). „Changes in the Wage Structure and Earnings Inequality“. Í O. Ashenfelter og D. Card (ritstj.), *Handbook of Labor Economics vol. 3* (bls. 1463-1555). Amsterdam og New York: North Holland.
- Ásgeir Jónsson, Ásta Herdís Hall, Gylfi Zoëga, Marta Skúladóttir og Tryggvi Þór Herbertsson. *Tekjuskipting á Íslandi – Þróun og ákvörðunarvaldar*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Benedikt Jóhannesson (2006). „Misrétti í launatekjum hefur ekki aukist“, í *Vísbendingu*, 49. tbl., bls. 2-3.
- Benedikt Jóhannesson (2008). „Tekjujöfnuður svipaður og áður en fjármagn í eigu fárra“, í *Vísbendingu* 29. tbl., bls. 2-4.
- Burtless, G. (2009). „Demographic Transformation and Economic Inequality“. Í W. Salverda, B. Nolan og T.M. Smeeding (ritstj.), *The Oxford Handbook of Economic Inequality* (bls. 435-454). Oxford: Oxford University Press.
- Castles, F. G., S. Leibfried, J. Lewis, H. Obinger og C. Pierson (2010). *Oxford Handbook of the Welfare State*. Oxford: Oxford University Press.
- Freeman, Richard B. (2007). *America Works: The Exceptional Labor Market*, (NY: Russell Sage Foundation).
- Fríðrik Már Baldursson o. fl. (2008). „Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni“. Reykjavík: Fjármálaráðuneytið.
- Förster, M.F. og M. Mira d'Ercole (2005). „Income Distribution and Poverty in OECD Countries in the Second Half of the 1990s“. OECD Social, Employment and Migration Working Paper, No. 22, Paris.
- Fritzell, J., O. Bäckman og V-M. Ritakallio (2012). „Income Inequality and Poverty: Do the Nordic Countries Still Constitute a Family of their own?“ Í J. Kvist, J. Fritzell, B. Hvinden og O. Kangas (ritstj.), *Changing Social Equality: The Nordic Welfare Modell in the 21st Century* (bls. 165-185). Bristol: The Policy Press.

- Goldvin, C. og L.F. Katz (2008). *The Race between Education and Technology*. Cambridge: Harvard University Press.
- Hagstofa Íslands (2009). „Lágtekjumörk og tekjuskipting 2003-2006“. *Hagtiðindi*, nr. 27, árg. 94.
- Hagstofa Íslands (2010). „Lágtekjumörk og tekjuskipting 2004-2009“. *Hagtiðindi*, nr. 4, árg. 95.
- Hagstofa Íslands (2012). „Lágtekjumörk og tekjuskipting 2011“. *Hagtiðindi*, nr. 11, árg. 97.
- Hannes H. Gissurarson (2007). „Jöfnuður og sanngjörn skattlagning“, í *Stjórnámál og stjórnsýsla*, 3 (2) 2007, 135-153.
- Hannes H. Gissurarson (2010). *Áhrif skattabækkana á hagvöxt og lífskjör*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Indriði H. Þorláksson (2007). „Skattapólitík: Er skattkerfið sanngjarnt og hvernig nýttast ívilnanir þess“. *Stjórnámál og stjórnsýsla*, 3, 11-33.
- IMF (2010). „Iceland: Improving the Equity and Revenue Productivity of the Icelandic Tax System“. Skýrsla unnin fyrir íslensk stjórnvöld. Aðgengileg á www.imf.org.
- Jäntti, M., M. Riihelä, R. Sullström og M. Tuomola (2010). „Trends in Top Incomes Shares in Finland“. Í Atkinson og Piketty (2010).
- Jenkins, S.P. (1991). „Income Inequality and Living standards: Changes in the 1970s and 1980s“. *Fiscal Studies*, 12, 1-28.
- Kakwani, N.C. (1977). „Applications of Lorenz Curves in Economic Analysis“. *Econometrica*, 45, 719-727.
- Kenworthy, L. (2008). *Jobs with Equality*.
- Kenworthy, L. og J. Pontusson (2005). „Rising Inequality and the Politics of Redistribution in Affluent Countries“. *Perspectives on Politics*, 3, 449-471.
- Lerman, R.I. og S. Yitzhaki (1985). „Income Inequality Effects by Income Source: A New Approach and Applications to the United States“. *Review of Economics and Statistics*, 67, 151-156.
- Lefranc, A., N. Pistoiesi og A. Trannoy (2008). „Inequality of Opportunity vs. Inequality of Outcomes: Are all Western Societies all alike?“. *Review of Income and Wealth*, 54, 513-546.
- Mahler, V. A. og Jesuit, D. K. (2006). „Fiscal redistribution in the developed countries: new insights from the Luxembourg Income Study“. *Socioeconomic Review*, 4, 483-511.
- Mishel, Lawrence, Jared Bernstein og Heidi Shierholz (2010). *The State of Working America 2008/9*. Ithaca: ILR Press.
- OECD (2008). *Growing Unequal? Income Distribution and Poverty in OECD Countries*. París: OECD.
- OECD (2011). *Divided we stand: Why Inequality keeps rising*. París: OECD.
- Pirttilä, J. og H. Selin (2011). „Income Shifting within a Dual Income Tax System: Evidence from the Finnish Tax Reform of 1993“. *The Scandinavian Journal of Economics*, 133, 140-144.
- Ragnar Árnason og Axel Hall (2007). „Meira um tekjudreifingu, jöfnuð og skatta“, í Morgunblaðinu 19. mars.
- Ragnar Árnason (2007). „Tekjudreifing og jöfnunaráhrif skattkerfis“, í *Hagmál*, bls. 16-21.
- Rannsóknarnefnd Alþingis (2010). *Skýrsla um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna*. Reykjavík: Alþingi (aðgengilegt á www.rannsoknarnefnd.is).
- Salverda, W., B. Nolan og T. M. Smeeding (2009), *The Oxford Handbook of Economic Inequality*. Oxford: Oxford University Press.
- Sen, A. (1976). „Real National Income“. *Review of Economic Studies*, 43, 19-39.
- Shorrocks, A.F. (1982). „Inequality Decomposition by Factor Income Source“. *Econometrica*, 50, 193-211.
- Sigurður Snævarr (1988). „Dreifing atvinnutekna á 9. áratugnum“, í BHMR tíðindi. Reykjavík: BHMR.
- Stefán Ólafsson (1999). *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins og Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson (2006a). „Aukinn ójöfnuður á Íslandi: Áhrif stjórnmála og markaðar í fjölþjóðlegum samanburði“. *Stjórnámál og stjórnsýsla*, 2(2), 129-156.
- Stefán Ólafsson (2006b). „Breytt tekjuskipting Íslendinga: Greining á þróun fjölskyldutekna 1996-2004“. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

- Stefán Ólafsson (2007). „Skattastefna Íslendinga“. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 3(2), 231-263.
- Stefán Ólafsson (2011a). „Icelandic Capitalism – From Statism to Neoliberalism and Financial Collapse“. Í Lars Mjösset (ritstj.), *Nordic Varieties of Capitalism*, sérhefti *Comparative Social Research*, 28, 1-52.
- Stefán Ólafsson (2011b). „Income inequality developments through Iceland’s boom and bust“, í *Þjóðarspeggillinn - Rannsóknir í félagsvísindum XII*, bls. 551-559., ritstj. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs. Reykjavík: Félagsvísindastofnun H.Í.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2010). „Income Inequality in a Bubble Economy – The Case of Iceland 1992-2008“. Rannsóknarritgerð lögð fram á alþjóðlegri ráðstefnu Luxembourg Incomes Study, í Luxembourg, 26. júní, 2010 (birt á www.lisproject.org og www.ts.hi.is).
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2012). „Áhrif hrunsins á lífskjör þjóðarinnar I: Umfang kreppunnar og afkoma ólíkra tekjuhópa“. Skýrsla fyrir velferðarráðuneytið. Reykjavík: Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands (www.ts.hi.is).
- The Canberra Group (2001). „Expert Group on Household Income Statistic-Final Report“. Birt á www.lisproject.org/links/canberra/finalreport.pdf.
- Thoresen, T.O. og A. Alstadsæter (2010). „Shifts in Organizational Form under a Dual Income Tax System“. *Finanzarchiv / Public Finance Analysis*, 66(4), 384-418.
- Wilkinson, Richard og Kate Pickett (2009). *The Spirit Level: Why Greater Equality Makes Societies Stronger*. New York: Bloomsbury.
- Þjóðhagsstofnun (1994-2001). „Fréttabréf um tekjur, eignir og dreifingu þeirra“. Árleg útgáfa. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.

